



Háskólinn
á Akureyri

Heimanám og stuðningur tvítyngdra barna

Viðhorf foreldra af erlendum uppruna á
Suðurnesjunum

Karitas Nína Viðarsdóttir

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Heimanám og stuðningur tvítyngdra barna

Viðhorf foreldra af erlendum uppruna á
Suðurnesjunum

Karitas Nína Viðarsdóttir

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af *Magister
Educationis-prófi í menntunarfræði*

Leiðsögukenndari

Hermína Gunnþórsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2020

Titill: Heimanám og stuðningur tvítyngdra barna. Viðhorf foreldra af erlendum uppruna af Suðurnesjunum.

Stuttur titill: Heimanám og stuðningur tvítyngdra barna

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði.

Höfundarréttur © 2020 Karitas Nína Viðarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Karitas Nína Viðarsdóttir, 2020, meistaraþrófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 79 bls.

Akureyri, maí, 2020

Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er heimanám og stuðningur við tvítyngd börn út frá fjölmenningslegri menntun innan skóla án aðgreiningar. Markmið rannsóknarinnar er að nota megindelegar- og eigindelegar rannsóknaraðferðir til að varpa ljósi á viðhorf foreldra af erlendum uppruna gagnvart heimanámi og þeim stuðningi sem býðst börnum þeirra í íslensku skólakerfi. Rannsókninni er ætlað að svara eftirfarandi spurningu: Hver eru viðhorf erlendra foreldra gagnvart heimanámi og stuðningi við börn þeirra í grunnskólum? Viðfangsefni ritgerðarinnar var skoðað út frá lagalegu efni, fræðilegu efni í tengslum við viðfangsefni ritgerðarinnar ásamt rannsóknum því tengdu.

Eigindelegur hluti rannsóknarinnar var gerður haustið 2019 með viðtölum við 15 foreldra af erlendum uppruna sem áttu börn í grunnskólum á Suðurnesjum. Einnig voru notaðar megindelegar niðurstöður sem fram komu í rannsóknarverkefninu *Inclusive societies. The intergration of immigrants in Iceland* sem unnið var af hópi fræðimanna við HA og HÍ í samvinnu við alþjóðlega sérfræðinga.

Niðurstöðurnar benda til þess að meirihluta foreldra finnist ekki þörf á auknu heimanámi þótt skiptar skoðanir séu á gagnsemi þess. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að meirihluta foreldra finnist ekki þörf á auknum stuðningi en þó kom fram að þeir hefðu takmarkaða vitneskju um þann stuðning sem börn þeirra fengju nú þegar. Niðurstöður úr viðtölum sýndu að foreldrar tvítyngdra barna hafa ekki verið nægilega vel upplýstir um skólastarf né rétt barna þeirra. Samskipti á milli heimila og skóla eru skert og þyrftu skólar að bæta upplýsingagjöf til foreldra af erlendum uppruna. Enn fremur kom fram að skólar þurfi að endurskoða kennslu tvítyngdra barna og samræma nálganir í kennslu þeirra á faglegan hátt til þess að markviss árangur náist.

Niðurstöðurnar geta verið gagnlegar fyrir fagfólk skóla sem stefna að því að þróa árangursmiðað nám fyrir tvítyngda nemendur.

Abstract

The aim of this research is to explore homework and support for bilingual students in a multicultural education setting within inclusive schools in Iceland. The purpose of this study was to use both quantitative and qualitative research methods to further look at how immigrant parents' view homework and support for their children in the Icelandic school system. The study aims to answer the following question: How do immigrant parents view the homework and the support their children receive in school?

The qualitative part of the study was conducted in the fall of 2019 with 15 interviews with immigrant parents who had children in school in the Suðurnes peninsula. The study also used the findings from a quantitative research, *Inclusive societies. The integration of immigrants in Iceland* which was conducted by a group of international researchers with the University of Iceland and the University of Akureyri.

The main conclusions of this study are that the majority of immigrant parents do not want more homework for their children, although there were different views on the usefulness of homework. The study also found that majority of parents do not think their children need more support at school. On the other hand the results from the interviews show that immigrant parents have not been properly informed about the support their children receive nor their rights. The communication between schools and immigrant parents seem to be impaired so schools need to improve on that part. Conclusions also suggest that schools need to rethink their approach to the education of bilingual students in an overall setting to make sure bilingual students can succeed in school.

Conclusions can be used by school professionals who aim to evolve their approach on how to reach and teach bilingual students.

Formáli

Rannsóknarverkefni mitt er 30 einingar (ECTS) lagt fram til fullnaðar MEd.-prófs í menntunarfræði við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2020. Leiðsagnakennari var Hermína Gunnþórsdóttir prófessor við Háskólann á Akureyri og vil ég þakka henni fyrir gott samstarf. Ritgerðin fjallar um blandaða rannsókn sem annars vegar var gerð með viðtölum við 15 foreldra af erlendum uppruna og hins vegar með niðurstöðum spurningakönnunar úr rannsókninni *Inclusive societies. The intergration of immigrants in Iceland*. Markmið rannsóknarinnar er að nota meginlegar- og eigindlegar rannsóknaraðferðir til að varpa ljósi á viðhorf foreldra af erlendum uppruna gagnvart heimanámi og þeim stuðningi sem býðst börnum þeirra í íslensku skólakerfi.

Ritgerðina vil ég tileinka fjölskyldu minni sem hefur stutt mig í gegn um þetta ferli og hvatt mig áfram. Sérstaklega vil ég þakka manni mínum Árna Páli fyrir skilninginn og þolinmæðina.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Efnisyfirlit

Tölur	xvii
1. Inngangur	1
1.1 Markmið rannsóknar og rannsóknarspurning	2
1.2 Ástæða fyrir efnisvali.....	2
1.3 Uppbygging ritgerðar.....	3
2. Lagalegur bakgrunnur um fjölmennningarlegt skólastarf	4
2.1 Barnasáttmálinn	4
2.2 Lög um grunnskóla	5
2.3 Aðalnámskrá	7
2.4 Skóli án aðgreiningar	8
2.5 Samantekt	9
3. Fræðileg umfjöllun	10
3.1 Innflytjendur	10
Hugtakið innflytjandi - skilgreining	10
Bakgrunnur og staða innflytjenda í íslensku samfélagi	10
Móðurmál og tvítýngi	13
Staða barna með annað móðurmál en íslensku í íslenskum skólum.....	14
Samantekt	19

3.2	Fjölmenningarlegt skólastarf	19
	Fjölmenningarleg menntun- skilgreining.....	20
	Fjölmenningarlegir kennsluhættir	20
	Upplifun kennara	22
	Upplifun innflytjenda.....	23
	Samskipti heimila og skóla	24
	Samantekt.....	25
	Heimanám	26
3.3	Skilgreining á heimanámi	26
3.4	Rök gegn heimanámi	28
3.5	Rök með heimanámi	29
3.6	Heimanám og tvítyngd börn	30
	Samantekt.....	31
4.	Aðferðarfræði	32
4.1	Blönduð aðferðarfræði	32
4.2	Rannsóknarsnið og aðferðir	33
	Megindleg aðferð	33
	Eigindleg aðferð.....	34
4.3	Þátttakendur og umhverfi.....	34
	Þátttakendur í megindlegum hluta	35
	Þátttakendur í eigindlegum hluta	36

4.4	Gagnaöflun	37
	Megindleg gögn	37
	Eigindleg gögn.....	38
4.5	Greining og úrvinnsla gagna.....	39
	Megindleg gögn	39
	Greining eigindlegra gagna.....	39
4.6	Siðferðileg álitamál rannsóknarinnar	40
4.7	Réttmæti og áreiðanleiki	41
	Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar	42
4.8	Samantekt	42
5.	Niðurstöður.....	44
5.1	Megindlegar niðurstöður.....	44
	Heimanám.....	44
	Stuðningur í skólanum	45
5.2	Eigindlegar niðurstöður	46
	Bakgrunnur þátttakenda og aðstæður	47
	Upphaf skólagöngu og væntingar til grunnskólans	48
	Upplifun á skólastarfi.....	50
	Móðurmál og tvítýngi.....	50
	Heimanám.....	51
	Stuðningur í skólanum	55

5.3. Samantekt.....	57
6. Umræður.....	60
6.1 Samskipti og stuðningur	60
Samskipti við skóla og stuðningur við foreldra	60
Stuðningur við tvítyngd börn	62
6.2 Sýn foreldra á heimanám	64
6.3 Metnaður foreldra og áhugi	66
6.4 Samantekt og helstu ályktanir	67
Heimildaskrá.....	70

Töflur

Tafla 1 Hlutfall þátttakenda eftir uppruna.....	35
Tafla 2 Viðhorf gagnvart heimanámi	44
Tafla 3 Viðhorf gagnvart stuðningi í skólanum	45
Tafla 4 Viðhorf gagnvart stuðningi við íslenskunám.....	46

1. Inngangur

Undanfarinn áratug hefur verið stöðug aukning innflytjenda sem setjast að á Íslandi, til styttri eða lengri tíma. Á árinu 2018 voru alls 43.736 innflytjendur á Íslandi, eða um 12,6% þjóðarinnar og í janúar 2019 voru þeir orðnir rétt yfir 50 þúsund eða 14,1% þjóðarinnar. Það er umtalsverð aukning á fáeinum árum þar sem hlutfall innflytjenda á Íslandi var einungis um 8% árið 2012. Þar af eru flestir frá Póllandi eða 38,1% allra innflytjenda. Hæsta hlutfall innflytjenda er á Suðurnesjum þar sem þeir eru um 26.6% íbúa (Hagstofa Íslands, 2019). Hagstofan (2019) hefur skilgreint innflytjendur sem einstaklinga sem, ásamt foreldrum sínum, ömmum og öfum, er fæddur erlendis. Önnur kynslóð innflytjenda eru þeir sem fæðast á Íslandi en eiga báða foreldra sem eru innflytjendur.

Samhliða fjölgun innflytjenda á vinnumarkaði hefur börnum af erlendum uppruna í grunnskólum landsins einnig fjölgað. Ef skoðaðar er tölur Hagstofu frá árunum 2001-2014 sést að fjöldi grunnskólabarna með annað móðurmál en íslensku hefur þrefaldast, úr 1.192 nemendum í 3.275 nemendur (Hagstofan, 2015e). Árið 2016 voru 9,3% barna í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku, þar af voru 35,4% þessara barna með pólsku sem móðurmál (Hagstofa Íslands, 2018b). Skólum á Íslandi er ætlað að starfa í anda menntastefnunnar um skóla án aðgreiningar en í henni felst að öll börn eiga rétt á að skólakerfið komi til móts við ólíkar námsþarfir þeirra og veiti þeim þjónustu og stuðning. Margt bendir til þess að íslenskt skólastarf sé á réttri leið og að þörfum tvítyngdra nemenda sé mætt í mörgum skólum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007, bls. 252). Hins vegar hafa komið fram ýmsar vísbendingar um að betur megi fara og að skoða þurfi nánar stöðu tvítyngdra nemenda ásamt því að finna leiðir til að mæta þörfum þeirra enn betur. Starfsfólk grunnskóla hefur bent á að það skorti fræðslu og endurmenntun til þess að geta betur skipulagt fjölmenningslega kennslu með árangursríkum hætti. Innlendir viðtalsrannsóknir hafa einnig varpað að einhverju leyti ljósi á það hvernig betur mætti koma til móts við tvítyngd börn, þar á meðal varðandi

heimanám (Hermína Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé, 2017; Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen, 2008).

1.1 **Markmið rannsókna og rannsóknarspurning**

Rannsóknin fellur undir svið menntarannsókna og er markmið hennar að varpa ljósi á viðhorf foreldra af erlendum uppruna til heimanáms og þess stuðnings sem börn þeirra fá í íslenskum skólum. Þótt innflytjendur séu margir hér á landi hefur lítið farið fyrir röddum þeirra varðandi skólamál og lítið hefur verið um stórar rannsóknir á viðhorfum innflytjenda gagnvart skólamálum. Því verður fróðlegt að skoða nánar hvaða skoðanir og hugmyndir koma fram. Í þessari rannsókn verður leitast við að svara því hver viðhorf foreldra af erlendum uppruna eru gagnvart heimanámi og hvernig þeir upplifa stuðning við börn þeirra í grunnskóla. Rannsóknarspurningin sem leitast er við að svara er: Hver eru viðhorf erlendra foreldra gagnvart heimanámi og stuðningi við börn þeirra í grunnskólum?

1.2 **Ástæða fyrir efnisvali**

Undanfarin ár hefur rannsakandi starfað sem umsjónarkennari á yngsta stigi í grunnskóla á Suðurnesjunum. Meðal nemenda í umsjónarhópnum er hátt hlutfall tvítýngdra nemenda sem rekja uppruna sinn til margra landa. Það hefur reynst okkur kennurum á yngsta stigi áskorun að mæta þessum nemendahópi og innleiða fjölmenningslega kennsluhætti, aðallega vegna skorts á faglegrri þekkingu á viðfangsefninu. Komið hafa fram margar spurningar varðandi hvernig best er að standa að námslegum og félagslegum stuðningi fyrir tvítýngdu börnin. Samhliða hefur umræða um heimanám verið mikil á Suðurnesjasvæðinu undanfarin ár og skiptar skoðanir varðandi gildi þess og gagnsemi fyrir nemendur. Í þeirri umræðu hafa komið fram raddir foreldra og kennara en lítið hefur farið fyrir röddum foreldra af erlendum uppruna. Því ákvað rannsakandi að gera tilraun til að víkka eigin sjóndeildarhring og reyna að öðlast betri skilning á því hvernig hægt er að mæta tvítýngdum börnum í grunnskóla.

1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist upp í sjö aðalkafla og hefst á inngangi. Þar er farið yfir helstu ástæður fyrir efnisvali ásamt markmiði rannsóknarinnar og rannsóknarspurningum. Annar kaflinn fjallar um lagalegan bakgrunn viðfangsefnisins en þar er reynt að varpa ljósi á það hvernig réttindi og áherslur í námi barna með annað móðurmál en íslensku hafa þróast og öðlast aukið vægi innan skólakerfisins. Í þriðja kafla er farið yfir fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar og fræðilegt efni er varðar tvítyngi barna ásamt því að rýna í rannsóknir á stöðu tvítyngdra barna í skólakerfinu. Rýnt verður í innlendar og erlendar rannsóknir á heimanámi og í kjölfarið skoðað hvað rannsóknir segja varðandi heimanám tvítyngdra barna. Einnig verða skoðaðar rannsóknir á því hvers konar stuðningur er ákjósanlegur fyrir tvítyngd börn. Fjórði kaflinn inniheldur aðferðarfræði rannsóknarinnar þar sem fram koma upplýsingar um rannsóknaraðferð, þátttakendur, gagnaöflun og greiningu gagna ásamt siðferðilegum kröfum og réttmæti rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar eru settar fram í fimmta kafla, annars vegar meginlegar og hins vegar eiginlegar og þeim fylgt eftir með umræðu í sjötta kafla þar sem niðurstöður eru settar í samhengi við lagalega- og fræðilega umfjöllun. Í sjöunda kafla eru lokaorð.

2. Lagalegur bakgrunnur um fjölmennningarlegt skólastarf

Þessum kafla er ætlað að veita upplýsingar um lagalegt umhverfi á bak við fjölmennningarlegt skólastarf og varpa ljósi á þróun þeirra réttinda sem ætluð eru tvítyngdum börnum innan skólakerfisins. Með því að skoða þróun laga og námskráa í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku má sjá hvernig áherslur breytast þar sem þessi nemendahópur fær meira svigrúm innan skólakerfisins. Lagalegt umhverfi gefur auk þess tóninn um það hvernig skólum er ætlað að vinna og koma til móts við þennan hóp nemenda.

2.1 Barnasáttmálinn

Þörfin fyrir því að vernda réttindi barna hefur lengi verið þekkt meðal þjóðríkja heimsins. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að tryggja réttindi barna í gegnum tíðina og leggja grundvallarreglur um umönnun þeirra. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu sérstaka yfirlýsingu um réttindi barna árið 1959 en sú yfirlýsing var byggð á eldri Genfaryfirlýsingu frá árinu 1924, en hvorug yfirlýsingin var þó lögbindandi. Barnasáttmálinn kom í kjölfar þess að flestum ríkjum innan Sameinuðu þjóðanna þótti nauðsynlegt að festa réttindi barna í löggjöf. Barnasáttmálinn var fullgildur innan Sameinuðu þjóðanna árið 1989 en staðfestur og fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 (Umboðsmaður barna, e.d.). Sáttmálinn var svo formlega lögfestur í íslenska löggjöf árið 2013 (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Markmið Barnasáttmálans er að tryggja börnum réttindi án mismununar og óháð réttindum fullorðinna. Tilgreint er í 8. gr. sáttmálans að öll börn hafi rétt til náms án mismununar og að aðildarríki skuli tryggja rétt barna til að halda ríkisfangi, nafni og öðru sem auðkennir þau sem einstaklinga, svo sem ættarnafni. Auk þess kemur fram í 29. gr. að móta þurfi með börnum virðingu gagnvart arfleidd sinni, tungu og menningu fyrir því landi sem þau búa í en einnig þess lands sem þau kunna að vera upprunnin frá (Umboðsmaður barna, e.d.).

Með Barnasáttmálanum var lagður mikilvægur grunnur að þeirri þróun sem átti eftir að eiga sér stað í íslenskum grunnskólalögum og Aðalnámskrá. Aukin áhersla á rétt barna til að fá að njóta menntunar sem tekur tillit til fjölbreyttra þarfa þeirra hefur átt stóran þátt í að þróa það skólaumhverfi sem nú er til staðar.

2.2 Lög um grunnskóla

Fram að tíunda áratug seinustu aldar hafði fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi verið í lágmarki og málefni tvítyngdra barna ekki í brennidepli í menntastefnum þess tíma (Ólöf Garðarsdóttir, 2012, bls. 11). Grunnskólalög frá árinu 1974 tilgreindu ekki sérstaklega rétt nemenda af erlendum uppruna og var hvergi minnst á tvítyngd börn. Hins vegar kom fram að nemendur ættu rétt á jöfnum tækifærum til náms (Andri Ísaksson, 1974, bls. 33). Barnasáttmálinn var svo fullgildur á Íslandi árið 1992, líkt og áður kom fram, en þá hafði fjöldi innflytjenda aukist töluvert. Fjöldi innflytjenda jókst enn frekar eftir að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1993 (Ólöf Garðarsdóttir, 2012, bls. 12) og í kjölfar þess var hugað betur að réttindum þeirra barna sem voru af erlendum uppruna og áttu annað móðurmál en íslensku. Þær breytingar sem gerðar voru í grunnskólalögunum 1991 og snéru að málefnum barna af erlendum uppruna voru þær að nemendur með annað móðurmál áttu rétt á sérstakri kennslu í íslensku og heimilt var að veita þeim undanþágu frá því að taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði (lög um grunnskóla nr. 49/1991, 36. gr.). Einnig var bætt við í 29. gr. að markmið náms, kennsla og starfshættir skóla skyldu koma í veg fyrir mismunun, m.a. vegna uppruna eða trúarbragða (lög um grunnskóla nr. 49/1991). Enn fleiri breytingar voru gerðar með nýjum grunnskólalögum sem staðfest voru árið 2008 en þá var fyrst minnst á móttökuáætlanir, tvítyngd börn og virkt tvítyngi. Samkvæmt núverandi grunnskólalögum þurfa sveitarfélög að útfæra móttökuáætlun sem ber að fylgja við móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Móttökuáætlanir skulu taka mið af bakgrunni barnanna, tungumálafærni og færni þeirra á öðrum sviðum. Tvítyngdum börnum er áfram ætlaður réttur til frekari íslenskukennslu þar sem stefnt er að virku tvítyngi. Foreldrum barna með annað móðurmál þarf að veita upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt skv. 16.

gr. þar sem einnig kemur fram að í samskiptum við skólann eiga þeir rétt á tülkaþjónustu (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Þótt jákvæð þróun hafi átt sér stað í málefnum nemenda af erlendum uppruna og með annað móðurmál en íslensku er þó ýmislegt sem betur mætti skoða. Þar má nefna að í 2. gr. er tekið fram að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleidd íslenskrar þjóðar (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Slík áhersla á kristna afleidd er ekki beint til þess fallin að auka víðsýni nemenda þar sem önnur trúarbrögð falla í bakgrunn kristninnar. Einnig má benda á að þar sem sveitarfélögin bera ábyrgð á útfærslu móttökuáætlana er mismunandi hversu vel útfærðar þær eru eða hversu vel þeim er fylgt eftir. Mismunandi er hversu mikið fjármagn sveitarfélög eru tilbúin að leggja til málefneisins en þrátt fyrir að fjármagn sé til staðar virðast aðrar hindranir vera í vegi þess að stefnur í málum tvítýngdra barna eða móttökuáætlunum sé fylgt eftir með árangursríkum hætti. Í rannsókn Ahn-Dao Tran og Hönnu Ragnarsdóttur (2016) kom fram að víðtæk þekking á málum tvítýngdra barna og mikilvægi þess að þau næðu virku tvítýngi og viðhélðu móðurmáli sínu væri almennt til staðar hjá skólaskrifstofum en þrátt fyrir það væri skortur á því að stefnum væri fylgt eftir innan leik- og grunnskóla. Það væri skortur á markvissri samvinnu milli starfsfólks, stjórnenda og skólafstofnana til þess að árangur næðist í þessum málaflokki. Þá kom einnig fram að þrátt fyrir að starfsfólk skóla hefði almennan skilning á þörfum tvítýngdra nemenda þá væri skortur á faglegrri þekkingu meðal stjórnenda og kennara oft stór hindrun. Skortur á faglegrri þekkingu m.a. var rakin til þess að ekki væri nægileg áhersla lögð á fjölmenningslega kennslu í kennaranámi og að innleiðing á fjölmenningslegri kennslu og kennsluháttum hafi ekki verið fullnægjandi og því ekki skilað tilteknum árangri. Auk þess kom fram að viðhorf og hugmyndafræði um fjölmenningslega menntun getur verið ólík meðal starfsfólks skóla og skiptar skoðanir á því hvernig nálgast skuli fjölmenningslegan nemendahóp. Niðurstöður rannsóknarinnar benda því til þess að þrátt fyrir að sveitarfélög leggi sig fram við að þróa stefnur í málefnum tvítýngdra barna innan skólakerfisins þá þurfi að leggja til markvissari innleiðingu inn í skólakerfið til þess að árangur náist.

2.3 Aðalnámskrá

Eftir að grunnskólalögum var breytt árið 1994 fór fram endurskoðun námskráa fyrir grunnskóla og var ný Aðalnámskrá grunnskóla tekin í notkun 1999. Þar komu í fyrsta sinn fram ákvæði um rétt nemenda með annað móðurmál en íslensku á sérstakri íslenskukennslu sem tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni þeirra. Tekið er fram að grunnskóli skuli taka við öllum börnum án mismununar, þ.á.m. börnum úr minnihlutahópum sem skera sig úr varðandi menningu, þjóðerni og tungumál (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1999, bls. 14) og mennta þau á árangursríkan hátt. Í Aðalnámskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1999, bls. 32) kom fram að starfshættir grunnskóla skuli stuðla að umburðalyndi og lýðræði án mismununar svo sem gagnvart kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu. Þó er rík áhersla lögð á að starfshættir endurspegli kristilegt siðgæði (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1999, bls. 18) sem er þversögn við þá staðhæfingu að ekki megi mismuna gagnvart trúarbrögðum. Leyfilegt er að veita nemendum undanþágu frá kennslu í kristinfræði í sérstökum tilfellum á grundvelli trúfrelsis (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1999, bls. 51) en slík áhersla á kristinfræði í almennu skólastarfi er ekki beint í anda trúfrelsis. Í framhaldi af endurskoðuðum grunnskólalögum árið 2008 var gefin út endurskoðuð útgáfa af Aðalnámskrá árið 2011. Aðalnámskráin er í grundvallaratriðum almenn þar sem almennt er farið yfir hvernig standa skuli að námi, skipulagningu náms og námsmati nemenda og að hvaða markmiðum unnið er að. Í henni má þó finna útlistun á réttindum barna með annað móðurmál en íslensku og áherslum í námi þeirra. Þar er í fyrsta skipti tilgreint mikilvægi þess að börn með annað móðurmál en íslensku rækti eigið móðurmál þar sem stefnt er að virku tvítyngi þeirra og að móðurmál þeirra sé góður grunnur fyrir nám í íslensku tungumáli. Aðalnámskráin sjálf ber þó vott um þjóðernishyggju að vissu leyti þar sem aðal áherslan er á íslenska menningu, íslenskt tungumál og kristna arfleið. Það er gagnrýnisvert að ekki virðist gert ráð fyrir að nemendur læri sérstaklega um aðra menningu en íslenska og því er Aðalnámskráin ekki fjölmenningarleg nema upp að því marki að fjallað er um umburðarlyndi og jafnrétti (Bergþóra Kristjánsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010, bls. 55). Einnig má benda á að tekið er fram í námskránni að með því að taka tillit til kunnáttu tvítyngdra og þekkingar í eigin móðurmáli styrkist sjálfsmynd þeirra og því er nauðsynlegt að viðhalda því.

Hins vegar er ekki er gert ráð fyrir að grunnskólinn útvegi nemendum móðurmálskennslu og því óljóst hvernig vinna skuli að því markmiði. Annað sem Aðalnámskráin leggur einnig áherslu á eru góð samskipti milli heimila og skóla. Í tilfelli tvítyngdra barna er tekið fram að traust samstarf við heimili barna með annað móðurmál en íslensku er nauðsynlegt þar sem foreldrar rækti með barninu virðingu fyrir eigin móðurmáli en jafnframt styðji barnið í þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 106). Þar sem tvítyngd börn fá að jafnaði ekki kennslu í eigin móðurmáli innan íslenskra grunnskóla er ábyrgð á móðurmálskennslu því lögð á foreldra þeirra. Þótt Aðalnámskráin leggi áherslu á Ísland, íslenska menningu og íslenskt tungumál þá kemur þar einnig fram að kenna eigi nemendum um menningarläsi, trúarbrögð, þjóðerni og lífsskoðanir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 22). Nemendum ættu því að gefast tækifæri til að fá fjölbreytta þekkingu um mismunandi lönd og þjóðir en þar sem ofur áhersla er lögð á íslenska menningu er líklegt að slík kennsla falli töluvert í bakgrunninn. Þótt jákvæð þróun hafi átt sér stað í Aðalnámskrá grunnskóla þá er ljóst að ýmislegt mætti útfæra betur ef íslenskar námskrár eiga að geta kallast fjölmennningarlegar.

2.4 Skóli án aðgreiningar

Hugmyndir um jöfn tækifæri barna til menntunar voru styrktar enn frekar með stefnunni um Skóla án aðgreiningar sem innleidd var með nýjum menntalögum árið 2008. Stefnunni fylgja róttækar breytingar á skólastarfinu þar sem hugað er að jöfnuði nemenda og félagslegu réttlæti. Með stefnunni er réttur barna til menntunar í almennum skóla áréttaður þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra án mismununar vegna líkamlegs- eða andlegs atgervis. Virðing fyrir fjölbreytileikanum er lykilatriði hugmyndafræðinnar að baki stefnunnar þar sem lögð er áhersla á að mismunun og fordómum sé útrýmt samhliða því að komið er til móts við hæfileika og styrkleika hvers og eins. Hugmyndafræðin byggir á þróun vinnubragða og kennsluaðferða innan skóla þar sem almennri kennslu og sérkennslu er blandað saman í eitt heilstætt menntakerfi. Menntun og endurmenntun kennara er því lykilatriði í þróun kennslufræðilegrar þekkingar (Steingerður Ólafsdóttir, o.fl., 2014, bls. 2-3). Þá er skólum skylt að veita nemendum þá þjónustu sem þeir þarfnast. Þrátt fyrir

inntak stefnunnar hefur verið bent á að íslensk löggjöf styðji ekki nægjanlega við umgjörð skóla án aðgreiningar, bæði hvað varðar menntun kennara en einnig samræmingu á þeirri margþættu þjónustu sem þarf að vera til staðar innan skóla til að inntak stefnunnar sé uppfyllt (Steingerður Ólafsdóttir, o.fl., 2014). Samkvæmt lokaskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2017) á úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar kemur m.a. fram að þótt starfsfólk grunnskóla hafi lagt sig fram við að stuðla að framgangi stefnunnar telur það sig ekki hafa fengið til þess nægilegan stuðning. Því er ýmislegt sem bendir til þess að þörf sé á úrbótum til þess að skólastarf án aðgreiningar verði markvisst og árangursríkt.

2.5 Samantekt

Þegar litið er yfir þá þróun sem hefur átt sér stað í málefnum tvítyngdra nemenda með annað móðurmál en íslensku má sjá mörg skref í rétta átt. Með Barnasáttmálanum var lagður grunnur að réttindum barna þar sem þeim var tryggður réttur til náms án mismununar. Samhliða átti sér stað þróun innan grunnskólalaga í kjölfar aukinna fólksflutninga til Íslands frá öðrum löndum. Í kjölfarið jókst fjöldi tvítyngdra barna í grunnskólum og farið var að huga betur að rétti þeirra og áherslum í námi. Með grunnskólalögunum frá árinu 1994 áttu tvítyngd börn rétt á sérstakri kennslu í íslensku og með Aðalnámskránni frá árinu 1999 komu fram í fyrsta sinn áherslur um hvernig standa skuli að námi tvítyngdra barna. Með stefnubreytingum sem áttu sér stað með Skóla án aðgreiningar var enn frekar lögð áhersla á fjölbreytt skólastarf þar sem tekið væri tillit til fjölbreyttra þarfa nemenda. Þrátt fyrir jákvæða þróun í málefnum tvítyngdra barna innan skólakerfisins hefur verið bent á að skortur sé á faglegri þekkingu meðal starfsfólks skóla til þess að mæta þessum nemendahópi með árangursríkum hætti. Það er því mikilvægt að veita kennurum og starfsfólki grunnskóla nægan stuðning og tækifæri til endurmenntunar í þessum málaflokki.

3. Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður farið yfir fræðilegan bakgrunn verkefnisins. Farið verður yfir skilgreiningar á þeim hugtökum sem verkefnið byggir á og hugmyndir og rannsóknir fræðimanna í tengslum við viðfangsefnið. Í upphafi kaflans verður fjallað um fjölgun innflytjenda á Íslandi undanfarin ár og stöðu þeirra í íslensku samfélagi og skólakerfi. Farið verður yfir fjölmennningarlegt skólastarf þar sem reynt verður að varpa ljósi á helstu áherslur í námi og kennslu nemenda með annað móðurmál. Að lokum er farið yfir fræðilegt efni í tengslum við heimanám.

3.1 Innflytjendur

Líkt og fram kemur í inngangi hefur fjöldi innflytjenda á Íslandi aukist töluvert og á Suðurnesjunum eru þeir nú um 27% af heildarfjölda íbúa. (Hagstofan, 2019). Þar af leiðandi er fjölbreytni samfélagsins nú meiri en áður og því nauðsynlegt að hlúa vel að þeim málefnum sem snúa að innflytjendum.

Hugtakið innflytjandi - skilgreining

Hópur innflytjenda er afar fjölbreyttur en til þess að flokkast sem innflytjandi í tölum Hagstofu Íslands þarf einstaklingur að hafa flust til Íslands frá öðru landi og hafa þar af leiðandi engan íslenskan bakgrunn. Hagstofan (2019) hefur nánar skilgreint innflytjendur á eftirfarandi hátt:

Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólki er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.

Bakgrunnur og staða innflytjenda í íslensku samfélagi

Þó svo að innflytjendum á Íslandi hafi fjölgað töluvert hratt undanfarna áratugi þá er saga þeirra á Íslandi töluvert styttri en á hinum Norðurlöndunum. Þar af

leiðandi hefur íslenskt samfélag þurft að aðlagast frekar hratt að breytingum á samsetningu samfélagsins. Hagstofa Íslands (2019) hefur fylgst náið með fjölgun innflytjenda á Íslandi og gefið út sérhefti um stöðu þeirra. Á Íslandi býr fjölbreyttur hópur innflytjenda sem kemur til langs eða skamms tíma og er bakgrunnur þeirra mjög ólíkur. Langflestir koma frá Evrópska Efnahagssvæðinu og kemur stærsti hópur innflytjenda frá austur- Evrópu, en einnig koma innflytjendur frá Asíu eða vestur Evrópu utan Norðurlandanna. Ástæður fyrir komu innflytjenda til Íslands eru margvíslegar en flestir koma vegna atvinnu þótt menntunarmöguleikar og fjölskyldutengsl spili þar einnig stóran þátt. Flestir koma frá löndum þar sem menntun, heilsa og efnahagsástand er svipað og á Íslandi. Auk þeirra innflytjenda sem fjallað hefur verið um eru einnig aðrir hópar innflytjenda búsettir hér á landi. Á meðal þeirra eru innflytjendur sem rekja uppruna sinn til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins og fá dvalarleyfi á Íslandi, ýmist í tengslum við atvinnu eða háskólanám en einnig vegna fjölskyldutengsla. Þá hefur einnig fjölgað í hópi þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi og teljast til hælisleitenda eða flóttamanna. Þótt það sé ekki fjölmennur hópur innflytjenda þá búa þeir ekki að öllu leyti við sömu réttindi og innflytjendur innan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. varðandi sjúkratryggingar og heilbrigðisþjónustu (Ríkisendurskoðun, 2015, bls. 17-30).

Þrátt fyrir að innflytjendum hafi fjölgað hafa tölur undanfarinna ára leitt í ljós að langflestir innflytjendur hafa einungis átt stuttan dvalartíma hér á landi í tengslum við atvinnu. Það eru þá yfirleitt ungir karlar sem koma hingað í atvinnuleit í skamman tíma, eða í 5 ár eða styttra. Af því leiðir að hlutfall starfandi innflytjenda er því frekar hátt, eða allt að 10% hærra en hlutfall starfandi innfæddra. Þó eru sífellt fleiri sem hafa í lengst hér á landi og er töluverð aukning í þeim hópi sem hefur dvalið á Íslandi í meira en 9 ár. Þar sem aukning innflytjenda á Íslandi hefur einungis átt sér stað á síðastliðnum áratugum er eðlilegt að innflytjendur séu að mestu af fyrstu kynslóð, líkt og tölur Hagstofunnar sýna. Innflytjendur á Íslandi eru aðallega á aldrinum 25-49 ára en hlutfallslega fáir teljast til barna, ungmenna eða aldraðra. Flestir af annarri kynslóð innflytjenda eru því enn undir 18 ára aldri. Því mun hópur innflytjenda af annarri kynslóð að öllum líkindum stækka á næstu árum (Hagstofan, 2019).

Samkvæmt tölum Hagstofunnar (2019) þéna innflytjendur töluvert minna en innfæddir. Þótt innflytjendur hafi góðan aðgang að íslenskum vinnumarkaði starfa innflytjendur að mestu í láglau nastörfum sem samræmast oft ekki menntun þeirra. Þeir sinna í mörgum tilfellum ekki störfum sem þeir hafa menntað sig í eða hafa sérkunnáttu í að sinna, eins og t.d. skrifstofustörf eða stjórnunarstörf og eru frekar í óshérhæfðum störfum eftir komuna til Íslands (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2009, bls. 67-70). Því er fjárhagsstaða þeirra verri en innfæddra sem hefur áhrif á lífsgæði þeirra. Þrátt fyrir þetta getur fjárhagsleg staða innflytjenda hér á landi verið betri en í heimalandinu þar sem atvinnumöguleikar eru ef til vill enn takmarkaðri. Þar sem innflytjendur eru að mestu af fyrstu kynslóð, líkt og áður kom fram, gefur þetta til kynna að börn þeirra alast að öllum líkindum upp við þrengri kost en íslenskir jafnaldrar þeirra. Þar sem flestir innflytjendur hafa einungis dvalið hér í minna en áratug og þéna minna en innfæddir hafa þeir ekki náð að kaupa sér eignir í sama mæli og innfæddir sem gerir það að verkum að þeir eru oft á tíðum á erfiðum leigumarkaði.

Umræða um málefni og stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi hefur aukist undanfarin ár þar sem áhersla hefur verið lögð á hvernig hægt er að bæta aðstæður þeirra. Ríkisendurskoðun hefur birt tillögur til stjórnvalda um breytingar sem stuðla að bættum aðstæðum þeirra innflytjenda sem sækja um dvalarleyfi eða hæli á Íslandi og eru aukið aðgengi að sjúkratryggingum og heilbrigðisþjónustu þar á meðal helstu atriða. Einnig kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar (2015, bls. 29-30). að bæta þurfi stuðning og þjónustu við hælisleitendur og stuðla frekar að náms- og atvinnumöguleikum þeirra, þar sem markmiðið er að þeir verði virkir samfélagsþegnar. Mörg stærri sveitarfélög, þar sem fjöldi innflytjenda er mestur, hafa sett fram stefnur í málefnum innflytjenda með það markmið að auka stuðning og þjónustu við þennan hóp. Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út slíka stefnu árið 2009 þar sem markmiðið var að móta sameiginlegar áherslur sveitarfélaga og tryggja þannig innflytjendum sömu þjónustu og öðrum íbúum. Þó eru það einungis um 28% sveitarfélaga á Íslandi sem hafa sett sér slíka stefnu í málefnum innflytjenda sem eykur hættu á mismunun og fordómum (Ríkisendurskoðun, 2016, bls. 47). Reykjavíkurborg hefur gefið út stefnu í málefnum innflytjenda þar sem lögð er áhersla á að reynsla og þekking innflytjenda sé metin að verðleikum í störfum þeirra og þeir fái þann stuðning sem þeir þurfa til að auka

við menntun sína (Reykjavíkurborg, 2017, bls. 4). Fjölmenningarstefna Reykjanesbæjar (2017) tilgreinir að innflytjendur séu bæði neytendur og veitendur í samfélaginu og leitast skuli við að finna þeim störf við hæfi ásamt því að gefa þeim tækifæri til að auka við íslenskukunnáttu sína. Slíkar stefnur bera vott um að litið sé á innflytjendur sem jafna þátttakendur í samfélaginu og að mikilvægt sé að huga að því að styrkja stöðu þeirra í samfélaginu með ýmsum leiðum. Ein öflugasta leiðin til að innflytjendur nái að aðlagast og öðlast jafna stöðu í nýju landi eru tækifæri til menntunar. Því er nauðsynlegt að huga vel að framboði menntunar og aðgengi að íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur en einnig að huga sérstaklega að því hvernig haldið er utan um nám barna þeirra í grunn- og framhaldsskólum.

Móðurmál og tvítýngi

Með síauknum fólksflutningum um allan heim eru fjölmörg samfélög nú samsett af mörgum menningarhópum og algengt er að töluð séu tvö eða fleiri tungumál innan sama samfélags. Slík tungumálapróun tekur langan tíma og má segja að íbúar á Íslandi hafi ekki þurft að takast á við slíka þróun fyrr en núna síðastliðna áratugi. Móðurmál má skilgreina á ýmsa vegu en jafnan er litið svo á að móðurmál er það mál sem einstaklingur lærir fyrst. Börn læra móðurmál af uppaldendum sínum en seinna bætast við samskipti við aðra aðila. Ef tvö tungumál eru reglulega töluð á heimilinu geta bæði tungumálin orðið að móðurmáli barnsins. Móðurmálið hefur djúpar rætur í persónuleika barnsins og sé kastað rýrð á það á einhvern hátt getur barnið upplifað að kastað sé rýrð á það sjálft, fjölskyldu þess og menningu. Ef barni er meinað að læra og beita móðurmáli sínu nær það ekki tókum á því og stendur þá höllum fæti í tveimur tungumálum. Besta leiðin er að hjálpa barninu að viðhalda móðurmáli sínu (Samuel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 114-115)

Tvítýngi hefur verið skilgreint á þann hátt að einstaklingur talar fleiri en eitt tungumál, jafnvel þótt hann noti annað tungumálið sjaldnar (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 102-103). Hópur tvítýngdra barna er mjög fjölbreyttur og mikilvægt er að skoða aðstæður hvers barns fyrir sig því mismunandi er hvernig þeim tekst að tileinka sér nýtt tungumál eða viðhalda móðurmálinu. Í flestum tilfellum bætist nýja tungumálið við móðurmálið og barnið nær góðum tókum á báðum tungumálum. Barnið getur þá lært bæði tungumálin samhliða

Þar sem þekking í nýja tungumálinu bætist við fyrri þekkingu í móðurmálinu. Hins vegar er einnig þekkt að seinna tungumálið komi í stað hins fyrra og barnið missir tengsl við móðurmálið. Það gerist ef barnið hefur ekki sterkan grunn í móðurmálinu eða því er ekki viðhaldið og þ.a.l. skerðist færni barnsins til að nota það (Cummins, 2017, bls. 406). Cummins (2017, bls. 410) bendir á að ef nauðsynlegar undirstöður móðurmálsins eru ekki til staðar þegar barn lærir nýtt tungumál þá hafi það neikvæð áhrif á námslegan árangur barnsins. Því sé nauðsynlegt að viðhalda móðurmáli tvítyngdra barna og því traustari sem undirstöður móðurmáls eru því skemmri tíma tekur það fyrir barnið að ná valdi á nýja tungumálinu.

Einstaklingur telst hafa náð virku tvítyngi þegar hann hefur öðlast færni til að lesa og skrifa á tveimur tungumálum og fer nokkuð auðveldlega á milli tungumála í mismunandi aðstæðum. Að auki þarf hann að aðlagast tveimur menningarheimum, menningu heimalandsins auk menningu þess lands sem hann býr í (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000). Cummins (2001) bendir á að börn sem ná virku tvítyngi geta verið sveigjanlegri í hugsun og öðlast dýpri skilning á tungumálum almennt. Það sé því verðugt markmið að stefna að virku tvítyngi en í því samhengi er lögð áhersla á að barnið fái að viðhalda og styrkja móðurmál sitt, bæði á heimili barnsins en einnig í skólanum.

Börn læra tungumál oft nokkuð ómeðvitað þar sem þau hafa þörf fyrir að tjá sig og gera sig skiljanleg en það hvetur þau til að læra bæði eigið móðurmál en einnig annað tungumál. Þegar börn læra nýtt tungumál tekur það þau nokkur ár að öðlast nokkuð gott vald á talmáli. Hins vegar er allt annað mál sem notað er innan kennslustofunnar og í námsefni. Börn eru því mun lengur að ná tókum á ólíkum orðaforða og setningagerð sem birtist í námsefni (Samuel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 113). Ef einstaklingur nær góðum tókum á tveimur eða fleiri tungumálum samtímis fyrir 11 ára aldur og getur beitt þeim í starfi og leik, má líta á þau sem móðurmál hans. Það kallast virkt tvítyngi. (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000).

Staða barna með annað móðurmál en íslensku í íslenskum skólum

Þar sem grunnskólar og leikskólar heyra undir sveitarfélögin er afar mismunandi hvernig staðið er að málefnum nemenda með annað móðurmál en

Íslensku þar sem misjafnt er hversu mikið fjármagn er lagt í málefni þeirra. Þó benda niðurstöður PISA (2018), innlendar rannsóknir (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016; Hermína Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé, 2017) og tölur Hagstofunnar (2019) til þess að það halli töluvert á innflytjendur þegar kemur að menntamálum.

Leikskóli

Algengast er að íslensk börn á aldrinum 2-5 ára séu á leikskóla stóran hluta dags en úttekt Hagstofunnar (2019) bendir til þess að töluvert færri börn af erlendum uppruna nýti sér þá þjónustu þótt fjöldi þeirra hafi aukist undanfarin ár. Árið 2016 voru 12,6% leikskólabarna á Íslandi með annað móðurmál en íslensku eða um 2.410 börn. Þar af voru flestir með pólsku að móðurmáli eða um 38,7%. Fyrir innflytjendur eru leikskólarnir oft fyrsta tengingin við íslenskt samfélag. Tvítyngd börn upplifa því íslenskt málumhverfi í fyrsta sinn í leikskóla og læra yfirleitt tvö tungumál eða fleiri á sama tíma, eitt eða fleiri á heimilinu og annað í leikskólanum. Mikilvægt er að huga vandlega að kennslu tvítyngdra nemenda í leikskóla til að stuðla að virku tvítyngi þeirra. Stuðningur við móðurmál barnanna er mikilvægur því ef móðurmáli er ekki haldið við á meðan nemandi lærir annað tungumál getur það haft neikvæð áhrif á málþroska og læsi (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008, bls. 17). Því er nauðsynlegt að veita þessum hópi nemenda sérstaka athygli þegar skólastarf er skipulagt (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 158-166). Í rannsókn Aneta Figlarska, Rannveigar Oddsdóttur, Samúels Lefever og Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2017), þar sem orðaforði barna af pólskum uppruna í leikskóla var skoðaður, kom í ljós að íslenskur orðaforði barnanna var töluvert slakari en hjá jafnöldrum sem töluðu einungis íslensku. Pólskur orðaforði þeirra var þó innan viðmiðunarmarka fyrir eintyngd pólsk börn. Var starfsfólk leikskólanna sem kom að börnunum sammála um að börnin þyrftu aukna málörvun í íslensku til að ná betri færni í tungumálinu og fá aukinn orðaforða. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að tvítyngd börn fái að öllum líkindum ekki nægjanlega málörvun í leikskóla og að bil fari að myndast á milli þeirra og jafnaldra varðandi orðaforða og málskilning strax við leikskólaaldur. Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2002) á markvissu leikskólastarfi í fjölmennningarlegu samfélagi komu einnig fram niðurstöður sem sýna svipaða stöðu leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku. Þar kom fram að þótt

Það ætti að vera auðveldara að veita tvítyngdum börnum markvissa málörvun í litlum hópi á leikskóladeildum væri oft ekki talin þörf á því að aðlaga skólafarfið að þörfum þeirra. Það virtist fara frekar eftir stærð leikskólanna og áhuga stjórnenda á málefnum frekar en fjölda tvítyngdra barna í leikskólanum. Það er nauðsynlegt að markviss málörvun tvítyngdra barna eigi sér stað strax á leikskóla en svo virðist sem það skorti faglega þekkingu á því hvernig það skuli framkvæmt og markvissar aðferðir í innleiðingu fjölmenningarlegra kennsluhátta. Það er áhyggjuefni að tvítyngd börn sem fara í gegnum leikskóla frá unga aldri og þar til þau hefja nám í grunnskóla skuli ekki hafa betri orðaforða í íslensku og því ljóst að þau standa verr að vígi en jafnaldrar þeirra þegar þeir hefja nám í grunnskóla.

Grunnskóli

Þátttaka barna með annað móðurmál en íslensku í PISA könnuninni er lítil hér á landi sem og í öðrum þáttökulöndum PISA. Einungis um 179 nemendur með annað móðurmál tóku þátt í prófinu árið 2018 eða um 5.6% af heildarfjölda þátttakenda (Menntamálastofnun, 2019, bls. 31). Niðurstöður nýlegra PISA kannana (Menntamálastofnun, 2019) sýna að lesskilningur og stærðfræðilæsi nemanda á Íslandi sé slakur en jafnframt að árangur innflytjenda sé enn slakari. Af þeim niðurstöðum má einnig sjá að árangur nemenda með annað móðurmál hefur hrakað enn hraðar en hjá nemendum með íslensku að móðurmáli. Nemendur með annað móðurmál en íslensku ná ekki lágmarkshæfni í lesskilningi samkvæmt niðurstöðunum en þar kemur einnig fram að bilið á milli þeirra og jafnaldra með íslensku að móðurmáli hafi breikkað töluvert. Þær niðurstöður eru sambærilegar í öðrum þáttökulöndum þar sem niðurstöður PISA sýna að töluvert bil er á milli námslegrar stöðu tvítyngdra nemenda og jafnaldra þeirra. Ástæður þessarar stöðu eru sagðar margvíslegar. Samkvæmt greiningu Menntamálastofunnar (Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland, 2018) er það slakur orðaforði nemenda með annað móðurmál sem veldur þessari stöðu en jafnframt að ekki náist að minnka bilið milli þeirra og jafnaldra með íslensku að móðurmáli í tengslum við orðaforða þegar líður á grunnskólagöngu þeirra. Við þetta styðja innlendar rannsóknir. Í rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur, Freyju Birgisdóttur, Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Sigurgríms Skúlasonar (2016) var skoðaður orðaforði og lesskilningur nemenda af erlendum uppruna. Niðurstöður þeirra benda til þess að tvítyngdir

nemendur í fjórða bekk hafa ekki tileinkað sér þann orðaforða og skilning sem telst nauðsynleg undirstaða fyrir nám á eldri stigum grunnskóla en það er einmitt í fjórða bekk sem nemendur ættu að vera komin vel af stað í lestri og lesskilningi. Þrátt fyrir slaka færni í íslensku tungumáli hafa tvítyngdir nemendur í mörgum tilfellum góða færni í eigin móðurmáli, en illa gengur að yfirfæra þá þekkingu yfir á íslensku. Margt bendir til þess að aldur barnanna skipti máli þegar þau byrja að læra annað tungumál. Því yngri sem þau eru þeim mun auðveldara eiga þau með að tileinka sér nýjan orðaforða á meðan eldri nemendur þurfa jafnan að glíma við töluvert flóknari orðaforða, bæði í samræðum við aðra og í þyngra námsefni (Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2012, bls. 426). Því er það áhyggjuefni að íslenskur orðaforði og skilningur tvítyngdra barna skuli ekki vera betri í fjórða bekk, líkt og niðurstöður PISA benda til, þrátt fyrir langa dvöl á Íslandi en það gefur jafnframt til kynna að það þurfi því markvissar aðgerðir til að bæta stöðu þeirra. Aðrar ástæður eru einnig taldar liggja að baki slakri stöðu tvítyngdra nemenda innan menntakerfisins, ekki sé gert ráð fyrir fjölbreyttum nemendahópum í kennslustofunni og almennt hafa kennarar litla þekkingu á málefnum þeirra (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Einnig má bæta við að kennsla víða um heim miðar markvisst að því að setja tungumál innfæddra í lykilstöðu á meðan önnur tungumál falla í bakgrunn þess eða fá einfaldlega ekki svigrúm innan kennslustofunnar (Cummins, 2007, bls. 225). Slík nálgun byggir að mörgu leyti á því að kennarar hafa ekki kunnáttu til þess að kenna það tungumál sem er móðurmál barnsins en auk þess hafa fordómar sem viðgangast innan samfélagsins þar áhrif á. Í fjölmörgum löndum viðgengst útilokun á móðurmáli barnsins í skólanum en slíkt hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins og sendir þau skilaboð að þar sem móðurmáli barnsins hefur verið hafnað þá hefur barninu sjálfu verið hafnað (Cummins, 2001)

Framhaldsskóli

Hlutfall innflytjenda sem ljúka grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla er svipað hér og í nágrannalöndum en þó er hlutfall þeirra sem hætta námi töluvert herra á Íslandi. Mun færri innflytjendur sækja um í framhaldsskólum við 16 ára aldur ef miðað er við íslenska jafnaldra þeirra (Hagstofan 2019, bls. 23). Virðist slök skólasókn í framhaldsskóla hjá innflytjendum hafa staðið í lengri tíma þar sem rannsókn Ólafar Garðarsdóttur og Guðjóns Haukssonar (2011),

sem gerð var fyrir tæpum áratug, leiddi í ljós að einungis um 42% nemenda með annað móðurmál eru enn í námi um 19 ára aldur. Í sömu rannsókn kom fram að um 60% ungra karla með annað móðurmál en íslensku höfðu ekki lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur, sem er mun hærra hlutfall en þekkist í öðrum Evrópulöndum. Af þessum tölum er ljóst að nauðsynlegt er að skoða nánar hvers vegna svona mörg ungmenni með annað móðurmál en íslensku hefja ekki nám í framhaldsskólum eða ná ekki að ljúka náminu. Í rannsókn Gestu Guðmundssonar (2013) kom fram að helsta hindrun framhaldsskólanemenda með annað móðurmál væri slök færni þeirra í íslensku tungumáli. Þetta átti við um alla þátttakendur í rannsókninni sem lýstu því að í upphafi framhaldsskólagöngu sinnar hafi þeir þurft að sækja marga íslenskuáfanga til þess að ná upp færni í tungumálinu og ná tókum á lestri og lesskilningi. Samhliða íslenskunámi hafi þeir stundað verklega áfanga eða áfanga sem krefðust lágmarks íslenskufærni, líkt og stærðfræði en beðið með alla bóklega áfanga. Sögðust þátttakendur fá hvatningu frá foreldrum sínum en allt námið væri á þeirra eigin ábyrgð þar sem foreldrar þeirra hefðu ekki tók á að aðstoða eða fylgjast með náminu vegna lítillar færni í íslensku. Það kemur ekki á óvart að helsta hindrun í framhaldsskóla sé lítil færni í íslensku þar sem niðurstöður PISA sýna að nemendur í grunnskóla með annað móðurmál en íslensku standa mun verr að vígi þegar kemur að lesskilningi heldur en jafnaldrar þeirra með íslensku að móðurmáli. Líkt og áður var nefnt eru ástæður þeirrar stöðu margvíslegar, t.d. fordómar og skortur á fjölbreyttum kennsluáðferðum.

Stuðningur við íslenskunám þeirra í grunnskóla leggur því nauðsynlegan grunn fyrir frekara nám í framhaldsskóla. Enn fremur þarf að veita góðan og sveigjanlegan stuðning í framhaldsskólum. Rannsóknir hafa leitt það í ljós að skortur á íslenskukennslu er stór þáttur í því að nemendur með annað móðurmál hafa ekki náð þeirri færni í íslensku sem þarf til að ná góðum tókum á náminu (Gestur Guðmundsson, 2013). Með umbótum í menntakerfinu þar sem ungum innflytjendum í framhaldsskóla er veittur viðeigandi stuðningur og sveigjanleiki í náminu mætti frekar halda þeim í námi og gera þeim frekar kleift að ljúka því.

Samantekt

Innflytjendum á Íslandi hefur fjölgað töluvert undanfarin ár og eru flestir af fyrstu kynslóð innflytjenda á meðan önnur kynslóð er nánast öll undir 18 ára aldri. Bakgrunnur innflytjenda er ólíkur en þó koma flestir frá austur- Evrópu og öðrum svæðum þar sem aðstæður eru svipaðar og á Íslandi. Rannsóknir á stöðu tvítyngdra barna í menntakerfinu á Íslandi benda til þess að töluvert halli á þennan nemendahóp og er námsleg staða þeirra slakari en jafnaldra þeirra með íslensku að móðurmáli. Sú þróun virðist hefjast strax í leikskóla þar sem tvítyngd börn ná ekki að tileinka sér nægan orðaforða í íslensku og sú þróun heldur áfram út grunnskólagöngu þeirra. Slakur orðaforði í íslensku og lítil kunnátta í íslensku tungumáli stuðla því einnig að því að tvítyngd börn skrá sig síður í framhaldsskóla og er brottfall þeirra töluvert hærra. Nauðsynlegt er að fara í markvissar umbætur í kennslu tvítyngdra barna til þess að þessi nemendahópur nái árangri í námi.

3.2 Fjölmenningarlegt skólastarf

Skólum á Íslandi er ætlað að starfa í anda menntastefnunnar um Skóla án aðgreiningar en öll börn eiga rétt á að skólakerfið komi til móts við ólíkar námsþarfir þeirra og veiti þá þjónustu sem nemendur þurfa. Enn fremur er rík áhersla lögð á jafnréttismenntun þar sem gagnrýnin hugsun og lýðræðisleg þátttaka eru mikilvægir þættir til að undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi. Fjölmenningarlegt skólastarf byggist því á jafnréttisgrundvelli þar sem allir nemendur fá notið styrkleika sinna og hæfileika og búi við jöfn tækifæri til menntunar og þátttöku í samfélaginu (Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 20;). Fjölmenningarleg menntun er því nauðsynlegur hluti af almennri menntun barna sem stuðlar að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs, þekki eiginleika sína og hæfileika og geti nýtt þá til að leysa flókin viðfangsefni í eigin lífi. Menntunin er því bæði einstaklingsleg og samfélagsleg (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 15).

Fjölmenningarleg menntun- skilgreining

Þróun fjölmenningarlegrar menntunar hefur tekið þó nokkurn tíma og fór að hafa aukið mikilvægi innan menntarannsókna eftir að í ljós kom að börn innflytjenda eru í mörgum tilfellum jaðarsett innan menntastofnanna. Hugmyndafræði hennar byggir því á jöfnuði nemenda og félagslegu réttlæti með áherslu á jöfnum tækifærum til menntunar (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010, bls. 26-27). Með árunum hefur hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar þróast úr því að vera sértækt úrræði innan skóla fyrir innflytjendur yfir í að vera kennslufræðileg nálgun sem gagnast nemendahópnum í heild. Guðrún Pétursdóttir (2004) nefnir því til stuðnings að nemendahópar og bekkjardeildir eru nú þegar fjölmenningarlegir þar sem nemendur hafa ólíka heimamenningu og bakgrunn og því er mikilvægt að fjölmenningarlegir kennsluhættir nái til allra nemenda, ekki einungis þeirra sem koma frá öðrum löndum. Banks og Banks (2010, bls. 4-25) skilgreina fjölmenningarlega menntun sem kennslufræðilegt umbótastarf með það markmið að breyta áherslum skólakerfisins til þess að allir nemendur hafi tækifæri til að ná árangri innan menntakerfisins, óháð kyni, kynþætti, menningu eða tungumáli. Í fjölmenningarlegri menntun er stuðlað að jöfnuði allra nemenda, einsleitni er hafnað og ætti þetta að endurspeglast í námskrám skóla, kennslufræði og samskiptum kennara og nemenda. Ef gengið er út frá fjölmenningarlegri menntun ætti að skapast vettvangur fyrir umburðarlyndi, virðingu fyrir öllum þjóðfélagshópum en einnig fyrir grundvallarreglur og gildi eins og lýðræði, mannréttindi og jafnrétti (Þóroddur Helgason, 2010, bls. 72).

Fjölmenningarlegir kennsluhættir

Fjölmarginir kennarar standa nú frammi fyrir þeirri áskorun að kenna fjölmenningarlegum nemendahópum þar sem fjöldi grunnskólabarna með annað móðurmál en íslensku hefur aukist í íslenskum grunnskólum. Áhersla er lögð á hlutverk kennarans til að styrkja fjölmenningarlega hæfni nemenda en fjölmenningarleg menntun nær jafnframt til allra þátta skólastarfsins og miðar að því að litið sé á fjölbreytileikann sem styrkleika, jafnt innan skólastarfsins og samfélagsins (Hildur Blöndal og Hanna Ragnarsdóttir, 2011, bls. 6). Stuðningur til nemenda þarf að vera fjölbreyttur og mikilvægt að kennarar

skilji þarfir tvítyngdra barna og taki tillit til aðstæðna þeirra við skipulagningu náms og námsaðstæðna. Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir (2010) nefna í grein sinni um kennslu í fjölbreyttum nemendahópi að grundvöllur náms og kennslu í fjölmennningarlegum skólum séu fjórir: nemendur, námsumhverfi, námsefni og kennsluaðferðir.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er töluvert ólíkur hópur hvað varðar bakgrunn og tungumál og hafa nemendur náð misgóðum tókum á íslensku tungumáli. Því þarf kennarinn að huga að því að skipuleggja nám og námsefni með það í huga að það komi til móts við nemendur og rétt þeirra til jafnra tækifæra til náms. Ein leið til að stuðla að því að nemandi með annað móðurmál aðlagist íslensku skólaumhverfi og nemendahópi er stigskiptur stuðningur (e. scaffolding). Stigskiptur stuðningur á rætur að rekja til kenninga Vygotsky um svæði hins raunverulega þroska og svæði hins mögulega þroska og miðar að því að skoða hvar nemandinn er raunverulega staddur í námi sínu og setja raunhæf markmið sem miða að því sem hann getur lært (Vygotski, 1978). Því er nauðsynlegt að kennari geti metið stöðu einstaka nemenda varðandi forskilning þeirra og orðaforða á viðfangsefnum þegar þeir hefja nám og afli bakgrunnsupplýsinga um áhugamál þeirra, getu og færni á ýmsum sviðum (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010, bls. 190-192).

Nemendur með annað móðurmál þurfa oft mikinn stuðning í upphafi skólagöngu og sjónrænar vísbendingar geta hjálpað nemendum töluvert með að öðlast betri skilning og tileinka sér orðaforða. Það hjálpar þeim að tengja ný viðfangsefni við það sem þeir þekkja nú þegar og setja viðfangsefnin í samhengi við fyrri reynslu en það vekur bæði áhuga nemenda og hvetur þá til náms. Skilningur á því hvernig námsumhverfið getur haft áhrif á líðan og öryggi nemenda kemur fram í kennsluháttum kennarans. (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010, bls. 190-192). Með tímanum má draga úr stuðningi en þó þarf að hafa í huga að eftir því sem námsefni þyngist og orðaforðinn verður flóknari þurfa nemendur áfram aðhald og stuðning til að tileinka sér hann.

Mikilvægt er að hafa í huga hvernig fjölmennning birtist í því námsefni sem unnið er með í grunnskólanum. Námsefnið verði að endurspegla samfélagið í heild og miða ekki eingöngu að tilteknum hóp (Hanna Ragnarsdóttir og Kristín

Loftsdóttir, 2010, bls. 212). Námsgagnastofnun (2017) gefur út leiðbeiningar um gerð námsgagna og kemur þar fram að námsefni megi ekki mismuna einstaklingum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu heldur verði að endurspegla samfélagið í heild. Þau námsgögn sem nemendur vinna með hafa áhrif á það hvernig nemendur upplifa gerð samfélagsins og þá hópa sem hafa völdin. Því er mikilvægt að námsbækurnar hafi jafnrétti að leiðarljósi og sýni ekki ákveðna hópa í neikvæðu ljósi. Þar sem nemendahópurinn er fjölbreyttur þarf námsefnið að endurspegla fjölbreyttan hóp samfélagsins. Þannig eiga nemendur auðveldara með að samsama sig við námsefnið og tengja við eigin reynslu. Ef nemandi upplifir að námsefnið sýni hóp í neikvæðu ljósi, hóp sem hann sjálfur er hluti af, getur það haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd hans og upplifun á eigin stöðu í samfélaginu. Þetta þarf kennarinn að hafa í huga við val á námsefni og mikilvægt er að kennarar rýni í námsefni með gagnrýnum augum. Þetta á sérstaklega við ef valdar eru eldri námsbækur sem bera keim af þjóðernishyggju þess tíma er þær voru skrifaðar og staðalímyndum ákveðinna hópa, en slíkar bækur geta hins vegar gefið tilefni til gagnrýnnar umræðu með nemendum (Hanna Ragnarsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2010, bls. 209-216).

Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir (2010, bls. 198-201) benda á nokkrar kennsluáðferðir sem gagnast geta í fjölmenningarlegum nemendahópi. Jafningjahópar þar sem nemendur fá stuðning frá jafnöldrum sínum geta gagnast vel fyrir nemendur með annað móðurmál ef slík vinna er vel undirbúin og skipulögð. Nemendur fá þá tækifæri til að læra af öðrum sem hafa meiri þekkingu á viðfangsefninu og geta miðlað þekkingu sinni. Aðrar kennsluáðferðir eru t.d. heildstæð þemanám, líkt og söguaðferðin (e. storyline) en það er lausnamiðað nám sem byggist á samvinnu nemenda. Stuðningur við móðurmál barnanna er mikilvægur því ef móðurmáli er ekki haldið við á meðan nemandi lærir annað tungumál hefur það neikvæð áhrif á málþroska og læsi (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008, bls. 17).

Upplifun kennara

Á herðum kennara hvílir sú mikla ábyrgð að tryggja öllum nemendum menntun og stuðning við hæfi sem tekur tillit til þarfa hvers og eins. Þó upplifa margir kennarar að þeir hafi ekki fengið nægilegan stuðning til þess að framfylgja

stefnunni um Skóla án aðgreiningar á fullnægjandi hátt (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2017). Í rannsókn Sólveigar Karvelsdóttur og Hafdísar Guðjónsdóttur (2010) kom fram í viðtölum við kennara mikill vilji til að mæta tvítyngdum börnum. Mikil umhyggja var fyrir tvítyngdum nemendum af kennurum sem sögðust reyna að veita þeim þann stuðning sem þeir þyrftu, þótt þeir ættu jafnvel ekki rétt á því. Þrátt fyrir að hafa litla þekkingu á málefnum tvítyngdra barna væri kennurum umhugað að þeir næðu árangri í námi. Kennarar nefndu hins vegar að það vantaði áhuga frá stjórnendum og stuðning til þess að skipuleggja nám tvítyngdra barna og að þessi málaflökkur væri ekki í forgangi innan skólans. Rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé (2017) gefur einnig til kynna að kennarar telji lítið hugað að málefnum tvítyngdra barna í skólanum, yfirleitt séu það einstaka kennarar sem gera sitt besta við að sinna nemendum með annað móðurmál en að það sé skortur á samræmdri vinnu innan skóla um málefnið. Kennarar töldu sig skorta faglega þekkingu til að mæta tvítyngdum nemendahópi með árangursríkum hætti, lítið hafi verið fjallað um tvítyngi og fjölmenningslegar kennsluáðferðir í kennaranáminu og að lítið sé í boði af endurmenntunarnámskeiðum til að auka við þekkingu sína.

Upplifun innflytjenda

Einhverjar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á viðhorfum erlendra foreldra gagnvart íslenskum skólum og skólastarfi. Flestar eru viðtalsrannsóknir en þær rannsóknir hafa gefið okkur vísbendingar um hvað betur megi fara í kennslu tvítyngdra barna. Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé (2017) kom fram að foreldrar eigi oft erfitt með að átta sig á því frjálrsræði og lýðræði sem eigi sér stað í íslenskum skólum og það ögri þeirra eigin skilningi á skólastarfi. Var það upplifun foreldra að í skólastarfinu væri ekki nægilegar kröfur lagðar á nemendur og þeim veittar of frjálssar hendur sem ýtti undir agaleysi. Þrátt fyrir þess upplifun voru foreldrar ánægðir með kennara barna sinna og upplifðu að kennararnir vildu það besta fyrir börn þeirra. Í rannsókn Magdalenu Zawodna (2014), þar sem hún skoðaði viðhorf erlendra foreldra barna, kom í ljós að foreldrunum fannst ekki komið nægilega til móts við þarfir barna þeirra í skólanum. Erlendum foreldrum skorti almennar upplýsingar um skólastarfið og þeir þekktu ekki rétt barna sinna innan skólakerfisins. Þar sem foreldrarnir

höfðu ekki almennar upplýsingar við upphaf grunnskólagöngu barna sinna höfðu þeir væntingar um að skólastarfið væri skipulagt með fjölmenningarlegum hætti og að fullmótuð stefna væri til staðar um hvernig ætti að haga kennslu tvítyngdra barna. Það gefur okkur vísbendingar um að erlendir foreldrar barna geri kröfur til íslensks skólakerfis sem skólakerfið nái oft ekki að standa undir. Í viðtölum við erlenda foreldra var upplifunin sú að úrræði og stuðningur við börn þeirra væri ágætur en þeim fannst þó að stuðningurinn mætti vera markvissari til að börnin næðu góðum námsárangri. Þeim fannst ekki nægilega mikið gert til að styðja tvítyngda nemendur innan og utan skólans. Sumir nefndu þörf á aukastuðningi en ekki kom fram hvers eðlis slíkur stuðningur ætti að vera.

Samskipti heimila og skóla

Jákvætt samstarf heimilis og skóla er talin ein af forsendum árangursríks skólastarfs. Mikilvægt er að skóli upplýsi foreldra reglulega um náms- og félagslega stöðu nemenda ásamt líðan þeirra og hegðun. Með markvissri upplýsingagjöf til foreldra geta þá foreldrar enn frekar tekið þátt í skólastarfinu og stutt við nám barna sinna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Viðtalsrannsóknir sem gerðar hafa verið á reynslu og viðhorfum kennara annars vegar og erlendra foreldra hins vegar virðast benda til þess að gjá hafi myndast í samstarfi og samskiptum þessara hópa. Að sögn kennara í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé (2017) getur verið erfitt að koma á markvissum samskiptum við foreldra sem báðir tala erlent tungumál. Foreldrafundir fara fram í gegnum túlk sem gerir það að verkum að samtalið verður frekar yfirborðskennt og ekki næst að kafa dýpra í umræðuefnið. Kennarar reyni að upplýsa foreldra um skólastarfið með vikulegum pósti en sá póstur er skrifaður á íslensku og því óvíst hvort foreldrar sem tala ekki né lesa íslensku nái innihaldinu. Misjafnt er að hvaða leyti erlendir foreldrar leita eftir upplýsingum hjá kennara eða hjá skólanum. Sumir leiti að upplýsingum reglulega hjá kennara eða öðrum foreldrum og eru virkir í foreldrafélögum en aðrir forðist bein samskipti og treysta frekar á heimasíðu skólans.

Samantekt

Fjölmenningarlegt skólastarf einkennist af umburðarlyndi og jafnrétti þar sem leitast er við að útrýma einsleitni og fordómum. Nauðsynlegt er að huga vandlega að samsetningu nemendahópa og þarf kennarinn að hafa faglega þekkingu á þörfum nemenda til að námið verði markvisst og árangursríkt. Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir en aðferðir eins og jafningjastuðningur og aðferðir sem stuðla að samvinnu nemenda eru taldar árangursríkar með fjölmenningarlegum nemendahópi. Hins vegar er upplifun kennara að þá skorti faglega þekkingu og stuðning en enn fremur að ekki sé markvisst unnið með málefnið í skólanum. Það geti reynst erfiðara að koma á góðum samskiptum við foreldra sem tala annað tungumál og því verði samstarfið við foreldra oft ómarkvisst.

Heimanám

Almenningsmenntun á Íslandi tók gildi með fræðslulögunum árið 1907. Fyrir þann tíma hafði menntun verið bundin við fræðslu sem prestar sáu alfarið um í samstarfi við heimilin. Langt gat liðið á milli þess sem prestar hittu börnin og voru börnin látin æfa sig og undirbúa heima við. Því má segja að heimanám hafi í raun hafist um leið og barnakennsla hófst. Þrátt fyrir löggjöf um almenningsmenntun var gert ráð fyrir því að börn kæmu læs og skrifandi inn í skólann við 10 ára aldur fram til ársins 1936 og var þá sú ábyrgð lögð á foreldra barnanna. Það tók nokkra áratugi fyrir skólastarf á Íslandi að þróast í þá mynd sem við þekkjum núna og stóran hluta 20. aldarinnar tíðkaðist farkennsla á landsbyggðinni. Þá hitti kennari nemendur sjaldnar og byggðist námið að miklu leyti á verkefnum sem lögð voru fyrir og nemendur skyldu vinna heima í nánú samstarfi við foreldra (Loftur Guttormsson, 2008, bls 284-285). Því má að einhverju leyti segja að heimanám hafi verið bundið við skólamenningu Íslendinga frá því skólahald hófst. En undanfarin áratug hefur heimanám hins vegar verið á undanhaldi. Fyrir því eru margar ástæður en m.a. hafa rannsóknir ögrað skilningi okkar á heimanámi og gagnsemi þess (Cooper, 2007; Cooper, Robinson og Patall, 2006). Þó hefur heimanám lítið verið rannsakað á Íslandi.

3.3 Skilgreining á heimanámi

Cooper (2007, bls. 4) skilgreinir heimanám sem þau verkefni sem kennari leggur fyrir og ætlast sé til að nemandi vinni utan skólatíma en það er jafnframt hinn almenni skilningur á heimanámi. Í íslenskum grunnskólalögum er hinsvegar ekki að finna skilgreiningu á heimanámi né lagaákvæði varðandi heimanám. Þó má finna túlkun og útskýringar á grunnskólalögunum á vef Umboðsmanns barna þar sem minnst er á heimanám í tengslum við ábyrgð foreldra. Í 3. málsgrein 18 gr. grunnskólalaga (lög um grunnskóla nr. 91/2008) kemur fram að „Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.” Við túlkun þessa lagaákvæðis fellur það undir ábyrgð foreldra að sinna því

heimanámi sem skólinn setur fyrir. En nánari útlistun á hvernig heimanámi skuli háttað er ekki að finna. Skilgreiningu á heimanámi er heldur ekki að finna í Aðalnámskrá grunnskóla þótt þar sé tekið skýrt fram að foreldrar beri ábyrgð á því að heimanámi sé sinnt ef slíkt er lagt fyrir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 72). Því er ekki að undra að umræða um heimanám hér á landi hafi verið ruglingsleg þar sem opinber skilgreining er ekki til staðar. Þetta er þó ekki bundið við Ísland því ekki er að finna opinbera skilgreiningu á heimanámi í dönskum námskrám. Aðalnámskráin í Danmörku er mjög almenn líkt og hér á Íslandi en áhersla er lögð á samstarf heimilis og skóla. Líkt og á Íslandi sáu prestar að miklu leyti um kennslu barna áður en skólalald varð almennt og byggðist nám barnanna að miklu leyti á heimavinnu. Hins vegar hafa skólar í Danmörku farið í hringi með það hvort heimanám sé yfir höfuð gagnlegt eða ekki og hvort það eigi að viðhafa í skólum yfir höfuð (Kryger og Ravn, 2009, bls. 17).

Þar sem engin opinber skilgreining er á heimanámi getur verið mjög misjafnt hvernig því er háttað milli skóla. Skólar hafa þurft að móta afstöðu til heimanáms eftir eigin höfði og tilgreina hvernig því skuli háttað innan skólans. Á vefsíðum margra skóla má finna markmið heimanáms og hvaða skilning tilteknir skólar leggja í heimanám en þó er yfirleitt ekki vísað í rannsóknir eða tilgreint á hvaða rökum afstaða þeirra byggist. Einstaka skólar hafa lagt fram skilgreiningu á heimanámi, þar á meðal Lundaskóli á Akureyri (e.d.) sem skilgreinir hugtakið heimanám sem „allt nám utan hefðbundinnar kennslu og getur að hluta farið fram í skólanum”. Lundaskóli tilgreinir einnig markmið með heimanámi sem felst að mestu leyti í að auka innsýn foreldra í nám barna sinna og stuðla að auknu samstarfi heimila og skóla.

Þar sem það virðist mjög misjafnt hvernig skólar á Íslandi starfa og hvaða áherslur þeir leggja á starfshætti var farið í rannsóknarvinnu til að kortleggja starf grunnskóla. Árið 2014 var gefið út heildstætt rit sem inniheldur íslenskar rannsóknir á helstu starfsháttum sem viðhafðir eru í íslenskum skólum. Ritið nefnist Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014) en meðal annars var þar skoðað hvernig heimanámi hefur verið háttað undanfarin ár og hver viðhorf eru gagnvart því. Þar kemur m.a. fram að flestir kennarar leitast við að stilla heimanámi í hóf og leggja áherslu á lestur, skrift og

stærðfræði umfram aðrar greinar. Mesta áherslan er lögð á lestur þar sem foreldrar kvitta undir heimalestur barna sinna.

3.4 Rök gegn heimanámi

Heimanám hefur verið rannsakað frá mörgum hliðum í fjöldamörg ár. Hins vegar hefur verið skortur á íslenskum rannsóknum um heimanám. Dr. Harrison Cooper hefur á löngum ferli sínum dregið saman fjölmargar rannsóknir á heimanámi og tekið saman niðurstöður þeirra. Samantektir hans gefa góða yfirsýn yfir rannsóknir um heimanám þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður en þó hafa engin afgerandi svör komið fram um hvort heimanám sé gagnlegt eða ekki. Samantektir Coopers hafa leitt í ljós að fjölmargar rannsóknir sýna að námsárangur eykst eftir því sem nemendur eyða meiri tíma í heimanám og á það einkum við um unglingsárin, þ.e. á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskóla. Það er hins vegar óljóst hvort það tengist því frekar að nemendur temji sér öguð og skipulögð vinnubrögð í gegnum heimanám sem gagnast þeim svo í skólanum eða hvort heimanámið hafi bein námsleg áhrif (Cooper, 2007; Cooper, Robinson og Patall, 2006). Cooper (2007) nefnir að heimanám geti valdið neikvæðum áhrifum á nemandann og valdið sálrænni og námslegri þreytu. Sú þreyta getur dregið töluvert úr námsáhuga sem hefur svo áhrif á námsárangur. Nefnir Cooper að ef mikill tími fer í heimanám og það valdi því að nemandinn missi af félagslífi og tómsundum geti það enn fremur valdið streitu og dregið úr námsáhuga auk þess að valda vanlíðan. Ef nemandinn á við námserfiðleika að stríða getur það orðið til þess að enn meiri tími fer í heimanám, eða að nemandinn sleppi því að sinna því sem getur haft þau áhrif að nemandinn missi sjálfstraustið og sjálfsmynd hans verði fyrir hnjaski. Einnig kom í ljós að nemendur urðu frekar neikvæðir í garð skólans eftir því sem heimanám jókst. Því áætluðu Cooper og félagar að heimanám væri jákvætt innan ákveðinna tímamarka, um 1-2 klukkustundir á dag. Enn fremur kom í ljós að þrátt fyrir að nemendur eyði meiri tíma í heimavinnu verður árangur ekki endilega meiri ef nemendur skortir stuðning og hæfni til að skipuleggja heimanám sitt. Á eldri stigum skiptir stuðningur foreldra miklu máli fyrir nemendur þegar heimanámi er sinnt þar sem það þyngist, þeir þurfa stuðning við að halda utan um námið og skipuleggja þar sem námið er erfiðara og þeir þurfa að einbeita sér meira. Meðal þeirrar gagnrýni sem fram hefur

komið frá andstæðingum heimanáms er að í flestum rannsóknum um heimanám er úrtakið ekki nógu stórt til að fá afgerandi niðurstöður auk þess að ekki er hugað að einstaklingsbreytum, líkt og tvítyngi eða aðstæður heimila. Að auki hafa samantektir Cooper (2007) einnig leitt í ljós að ef skoðaðar eru fleiri einstaklingsbreytur hverfa þau jákvæðu áhrif sem rannsóknir hafa leitt í ljós. Þessar einstaklingsbreytur skipta miklu máli í þessu samhengi, með þeim er átt við mismunandi aðstæður nemenda og getu, t.d. tvítyngdra barna eða að sumir nemendur læra hægar en aðrir og þurfa meiri tíma í heimanámið. Því er enn óljóst hvort heimanám hafi jákvæð áhrif á námsárangur.

3.5 Rök með heimanámi

Cooper (2007) nefnir að helsta markmið heimanáms sé að gera foreldrum kleift að fylgjast með námi barna sinna og leggja grunn að samskiptum við barnið um nám þess. Íslenskir kennarar virðast margir vera sömu skoðunar, að heimanám auðveldar foreldrum að fylgjast með námsframvindu barna sinna. Að auki eru þeir þeirrar skoðunar að heimanám sé gagnlegt að því leyti að það geti hjálpað nemendum að rifja upp þau viðfangsefni sem farið var yfir í skólanum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Rannsóknir styðja einnig að einhverju leyti við að heimanám bæti námsárangur, sérstaklega fyrir nemendur á eldri stigum grunnskóla eða í framhaldsskóla (Cooper, Robinson og Patall, 2006). Líkt og má sjá á heimasíðu Lundaskóla (e.d.) er algengt að fólk rökstyðji gagnsemi heimanáms með þeim hætti að það styrki samstarf heimila og skóla. Þegar nemendur komi heim með verkefni úr skólanum fái foreldrar innsýn inn í skólastarfið og nám nemandans og við það skapist umræður um námsefnið. Nanna Kristín Christianssen (2011, bls. 128) segir heimanám vera einn algengasta samskiptavettvang heimila og skóla. Enn fremur styðja rannsóknir við þau viðhorf að hlutdeild foreldra í lestrarnámi hafi mikil áhrif á námsárangur þeirra og vega jafnvel þyngra en þættir eins og félagsleg staða og menntun foreldra. Hins vegar bendir hún á að flestir foreldrar vinni fullan vinnudag ásamt því að börnin sinni frístundastarfi og leik. Því geta gæðastundir fjölskyldunnar verið einungis stuttur tími um kvöldmatarleytið þar sem fjölskyldumeðlimir koma saman. Þrátt fyrir það finna margir foreldrar tíma til

að styðja börn sín við heimanámið, þótt það skapi togstreitu milli foreldris og barns.

3.6 Heimanám og tvítyngd börn

Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur, Markusar Mecl og Stephanie Barillé (2018, bls. 30) kom fram að foreldrum af erlendum uppruna þyki frekar lítið heimanám á Íslandi. Töldu þeir jafnframt að lítið heimanám gæfi til kynna að ekki séu gerðar nægjanlegar kröfur til nemenda. Gera má ráð fyrir að upplifun þeirra byggist að stórum hluta á eigin skólagöngu en viðmælendur nefndu að í þeirra heimalandi væri mikil áhersla lögð á heimanám. Í rannsókninni kom einnig fram gagnrýni á lestrarstefnu þeirra grunnskóla sem börn þeirra ganga í og þá áherslu sem lögð er á lestur. Viðmælendur töldu slíka áherslu ekki stuðla að fjölbreyttri menntastefnu þar sem tvítyngd börn hafa mismunandi forsendur til að lesa og skilja bækur á íslensku. Frekar ætti að veita tvítyngdum börnum fjölbreyttara heimanám sem stuðlar að aukningu orðaforða og höfðar til styrkleika þeirra í ólíkum námsgreinum

Í viðtalsrannsókn Hilmars Sigurjónssonar og Barkar Hansen (2008) kom fram að erlendir foreldrar virtust setjast hér að vegna atvinnu og höfðu því ekki kynnt sér íslenskt skólastarf. Viðmælendur sögðust bera traust til íslenskra skóla til þess að skipuleggja nám barna þeirra með þarfir þeirra í huga. Skoðanir þeirra á heimanámi voru hins vegar ólíkar. Töldu sumir að núverandi heimanám barna þeirra væri viðráðanlegt en aðrir hefðu viljað meira heimanám til að styðja við íslenskunám barnanna. Þeir sem töldu þörf á auknu heimanámi rökstuddu það með þeim hætti að börn með annað móðurmál þyrftu aukið heimanám til þess að ná frekar tökum á íslensku tungumáli þar sem þeir þyrftu meiri æfingu en innfæddir jafnaldrar þeirra. Viðmælendur nefndu hins vegar að þeir ættu oft erfitt með að aðstoða börn sín við heimanámið, sérstaklega þegar þau færu á eldri stig grunnskóla. Svipaða sögu mátti heyra frá erlendum foreldrum í rannsókn Magdalenu Zawodna (2014) sem töldu það mikilvægt að nemendur fengju stuðning við heimanám á skólatíma þar sem foreldrar geta ekki alltaf hjálpað þeim. Í þeirri rannsókn kom einnig fram gagnrýni á núverandi heimanámsstefnu þar sem þeir töldu að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til tvítyngdra nemenda. Þessar rannsóknir virðast benda til

Þess að foreldrar af erlendum uppruna telji að huga þurfi betur að skipulagningu heimanáms fyrir tvítyngd börn. Foreldra af erlendum uppruna hafa ólíkar forsendur til að aðstoða börn sín við heimanám og þurfa skólar að sýna því skilning. Í rannsókn Guðmundar Engilbertssonar, Kristínar Aðalsteinsdóttur og Ragnheiðar Gunnbjörnsdóttur (2007) voru kennarar í Noregi nokkuð samhljóma um að ekki væri hægt að gera kröfu á að foreldrar af erlendum uppruna aðstoði börn sín við heimanámið. Það hafi ekki skilað árangri að setja fyrir heimanám ef foreldrar geti ekki aðstoðað börn sín. Frekar ættu nemendur að fá aðstoð við heimanámið í skólanum. Í sömu rannsókn kom fram að íslenskir kennarar virðast ekki vera meðvitaðir um það hvort foreldrar af erlendum uppruna hafi forsendur til að aðstoða börn sín við heimanám.

Samantekt

Heimanám barna hefur verið umdeilt málefni í fjöldamörg ár. Þrátt fyrir að heimanám hafi ekki verið mikið rannsakað á Íslandi hefur það verið viðfangsefni rannsakanda erlendis í áratugi. Heimanám er almennt skilgreint sem þau verkefni sem kennari felur nemanda að vinna utan skóla en ágreiningur hefur ríkt um gagnsemi þess. Samantektir Coopers gefa ágæta mynd af kostum og göllum heimanáms en þrátt fyrir það hafa hvorki rannsóknir hans né annarra gefið endanlega niðurstöðu um það hvort heimanám skili árangri eða ekki. Helstu rök gegn heimanámi fela í sér að þær rannsóknir sem gerðar hafi verið taki ekki tillit til einstaklingsins og mismunandi getu nemenda, líkt og bakgrunns eða tungumáls og skapi þar að auki óþarfa álag á heimili. Rökin fyrir gagnsemi heimanáms snúa helst að því að gefa foreldrum innsýn inn í nám barna þeirra þar sem heimanám getur verið helsti vettvangur samskipta milli heimila og skóla. Í tilfelli tvítyngdra nemenda getur heimanám orðið til þess að skapa enn frekari álag á heimilum þar sem foreldrarnir eru oft á tíðum ekki í stakk búnir til að aðstoða við heimanámið. Rannsóknir sýna einnig að viðhorf og væntingar eru að einhverju leyti ólík á milli kennara og foreldra tvítyngdra barna. Kennarar á Íslandi eru oft ekki meðvitaðir að hversu miklu leyti foreldrar tvítyngdra barna eru færir um að aðstoða við heimanámið. Að mati foreldra er ekki tekið nægjanlegt tillit til tvítyngdra nemenda þegar kemur að heimanámi.

4. Aðferðarfræði

Í þessum kafla mun ég útlista nánar aðferðarfræði rannsóknarinnar, lýsa blönduðu rannsóknarsniði og þátttakendum auk þess sem að settar eru fram rannsóknarspurningar. Farið verður yfir gagnaöflun og greiningu gagna og að lokum verður farið yfir helstu siðferðileg mál í tengslum við rannsóknina ásamt réttmæli og áreiðanleika rannsóknarinnar.

4.1 Blönduð aðferðarfræði

Aðferðir eigindlegra rannsókna eru vinsælar þegar rannsakendur leitast við að öðlast dýpri skilning á tilteknu viðfangsefni. Einn helsti ókostur við eigindlegar aðferðir er að úrtakið er yfirlétt lítið, enda er ekki ætlunin að alhæfa út frá niðurstöðum þeirra. Með meginlægum aðferðum getur úrtakið hins vegar verið mun stærra og því auðveldara að fá svör mun fleiri þátttakenda sem frekar væri hægt að alhæfa yfir þýðið (Creswell, 2012, bls. 358). Því getur verið árangursríkt að nota bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir í rannsókn til að fá betri skilning á viðfangsefninu en með hvorri aðferðinni fyrir sig (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2016, bls. 394). Rannsókn þessi var að mestu byggð á eigindlegri aðferðarfræði þótt notuð hafi verið gögn fengin með meginlegri aðferðarfræði.

Í eigindlegum rannsóknum er leitast við að öðlast heildrænan skilning á ákveðnu viðfangsefni eða á tengslum innan ákveðins kerfis eða menningar (Sigríður Halldórsdóttir, 2016, bls. 239). Því hefur verið haldið fram að til þess að skoða félagsleg fyrirbæri sé best að rannsaka þau í eigin umhverfi án þess að slíta þau úr samhengi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2016, 229). Rannsakandinn sjálfur er mælitækið og því þarf hann að vera meðvitaður um þær fyrirfram gefnu hugmyndir og þau viðhorf sem hann gæti haft gagnvart viðfangsefninu. Eigindlegum gögnum er safnað með margskonar hætti, t.d. með vettvangsathugun, viðtölum eða orðræðugreiningu (Sigríður Halldórsdóttir, 2016, bls. 239).

Með meginlægum aðferðum fæst ýmis konar yfirlit og samanburður á viðfangsefnum sem ekki fengist með eigindlegum aðferðum. Meginlegar

aðferðir einkennast af kerfisbundinni upplýsingasöfnun á tölulegu formi og tölfræðilegum aðferðum er beitt við framsetningu og túlkun gagna. Lögð er fram ákveðin tilgáta um rannsóknarefnið og niðurstöðurnar ýmist styðja við tilgátuna eða fella hana (Ragnheiður Harpa Arnarsdóttir, 2016, bls. 377-378). Til þess að fá upplýsingar um þýði er tekinn úrtakshópur sem er fulltrúi þýðisins. Úrtakshópur getur verið valin handahófskennt og innan hans eru einstaklingar sem lýsa þýðinu á almennan hátt. Spurningar eru lagðar fyrir úrtakshópinn og út frá niðurstöðum sem fengnar eru frá úrtakinu ætti þá að vera hægt að alhæfa yfir á þýðið (Sigurlína Davíðsdóttir, 2016, bls. 230). Með þessum hætti er hægt að fá upplýsingar um stóran hóp af fólki. Þar sem meginleg gagnasöfnun í þessari rannsókn var gerð með rafrænum spurningalista út frá snjóboltaúrtaki er ekki hægt að heimfæra niðurstöður að fullu yfir á þýðið (Ómar Hjalti Sölvason og Markus Mecl, 2019, bls 3). Í meginlegum rannsóknum er mikilvægt að rannsakandinn sé hlutlægur, skýr, nákvæmur og ítarlegur í gagnaöflun og túlkun til að tryggja áreiðanleika niðurstaðna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2016, bls. 230).

4.2 Rannsóknarsnið og aðferðir

Í þessari rannsókn notaði ég skýrandi raðsnið (e. explanatory sequential design). Skýrandi raðsnið er líklega vinsælasta snið blandaðra rannsókna. Rökin fyrir því að nota þetta rannsóknarsnið eru sú að meginleg gögn og niðurstöður gefa almenna mynd af rannsóknarviðfangsefninu og til þess að fá nákvæmari greiningu eru jafnframt notuð eigindleg gögn (Creswell, 2012, bls 542).

Meginleg aðferð

Gagnaöflun á formi spurningakannana er algeng leið til þess að ná svörum hjá stóru úrtaki fólks. Margar leiðir eru notaðar til að gera fólki kleift að svara spurningalistanum, eins og í gegnum símakönnun, póstkönnun eða vefkönnun. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur séu læsir og geti svarað á því eða þeim tungumálum sem spurningakönnunin býður upp á. Mikilvægt er að vanda uppsetningu og orðalag spurninga sem fram koma, sérstaklega í póst- eða vefkönnunum þar sem fulltrúi eða framkvæmdaraðili könnunarinnar er ekki til

taks þegar þátttakandi svarar. Spurningar þurfa að vera nákvæmar, skýrar og hnitmiðaðar og forðast skal skammstafanir, tvöfaldar neitanir eða annað slíkt sem getur orsakað misskilning hjá þátttakanda. Spurningar geta verið opnar, þar sem ekki er boðið upp á sérstaka svarmöguleika heldur er þátttakanda boðið að skrifa álit sitt, skoðun eða tilfinningu. Spurningar geta einnig verið lokaðar, þar sem þátttakendum er boðið upp á ákveðna svarmöguleika (Grétar Þór Eyþórsson, 2016, bls. 453-464).

Eigindleg aðferð

Viðtöl eru algeng form gagnaöflunar í eigindlegum rannsóknum þar sem rannsóknargagna er safnað með orðaskiptum. Viðtöl henta vel í eigindlegum rannsóknum þegar leitast er við að fá dýpt í ákveðið viðfangsefni og hægt að öðlast betri mynd af reynsluheimi fólks þar sem leitast er við að skilja reynslu þeirra og upplifun. Viðtöl við einstaklinga eru fjölbreytt þar sem aðstæður og reynsla fólks er mismunandi og því mikilvægt að rannsakandi fari inn í viðtöl með opnum huga og sé eins hlutlaus og hann getur (Helga Jónsdóttir, 2016, bls. 142-144). Við töku eigindlegra viðtala er grundvallaratriði að þátttakendur geti tjáð sig sem frjálsgast innan ramma viðfangsefnisins. Því er mikilvægt að byggja traust milli rannsakanda og þátttakenda og þarf að huga vel að því hvernig nálgast er þátttakendur í upphafi rannsóknar. Viðtalsáætlun þarf að vera undirbúin fyrirfram með það að markmiði að þátttakandi geti sem best opnað sig um viðfangsefnið. Opnar spurningar sem höfða til reynslu og upplifun þátttakanda á viðfangsefninu eru kjörnar til að koma viðtalinu af stað þar sem þátttakandi getur talað frjálsglega frá eigin sjónarhóli (Helga Jónsdóttir, 2016, bls. 145-147).


4.3 Þátttakendur og umhverfi

Í rannsókninni er stuðst annars vegar við meginleg gögn úr spurningalista sem lagður var fyrir árið 2018 og hins vegar við eigindleg gögn úr viðtölum sem tekin voru 2019. Því eru tveir hópar þátttakenda sem þó eiga það sameiginlegt að vera innflytjendur sem eiga börn í grunnskóla á Íslandi.

Þátttakendur í meginlægum hluta

Megindlegur hluti rannsóknarinnar er unnin úr gögnum sem fengin voru úr rannsóknarverkefni *Inclusive societies. The integration of immigrants in Iceland* sem unnið var af hópi fræðimanna við HA og HÍ í samvinnu við alþjóðlega sérfræðinga. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hafði yfirumsjón með gagnaöfluninni og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Markus Meckl. Gagnaöflun fór fram haustið 2018 með rafrænum spurningalista og stóð yfir í 10 vikur. Þátttakendur sem tóku þátt í spurningakönnun var fólk af erlendum uppruna búsett á Íslandi. Alls var fjöldi þátttakenda 2.211 manns sem voru búsettir í öllum landshlutum, þó var meirihlutinn búsettur í Reykjavík eða alls 806 þátttakendur. Á Suðurnesjum voru þátttakendur alls 263. Flestir voru á aldrinum 26-40 ára og voru konur í meirihluta. Meirihlutinn átti uppruna sinn að rekja til mið- eða austur- Evrópu, eða um 65% af heildarfjölda, og hafði meirihluti þátttakenda búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur (Ómar Hjalti Sölvason og Markus Meckl, 2019, bls. 3-4). Af 2.211 þátttakendum sem merktu við tungumál sitt voru flestir sem höfðu pólsku að móðurmáli, en næststærsti hópurinn merkti við ensku. Fæstir töluðu Arabísku eða Tælensku. Af töflu 1 má sjá hlutfall þátttakenda eftir uppruna.

Tafla 1 Hlutfall þátttakenda eftir uppruna



Þátttakendur í eigindlegum hluta

Þátttakendur í eigindlega hluta rannsóknarinnar voru 15 innflytjendur sem búsettir voru í sveitarfélögum á Suðurnesjunum árið 2019. Allir þátttakendur áttu börn sem stunduðu nám í grunnskóla. Leitaði rannsakandi eftir þátttakendum sem gátu tjáð sig vel annaðhvort á íslensku eða ensku. Rannsakandi þekkti til nokkurra innflytjenda sem féllu vel að þeim skilyrðum sem sett voru fyrir þátttöku í rannsókninni og leitaði fyrst til þeirra. Í samræðum við upphaflega þátttakendur leitaðist rannsakandi eftir því við þátttakendur að þeir vísuðu á aðra sem þeir þekktu og gætu verið viljugir til að taka þátt í rannsókninni. Því voru þátttakendur valdir með snjóboltaúrtaki (e. snowball sample) þar sem þátttakendur beindu rannsakanda í átt til annarra þátttakenda (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2016, bls. 124). Alls var 21 einstaklingi boðin þátttaka en 6 höfnuðu þátttöku.

Upplýsingabréf var sent til þátttakenda, á íslensku og á ensku, þar sem gefið var upp markmið rannsóknarinnar, hvernig upplýsingar yrðu notaðar og þátttakendur upplýstir um að þeir gætu hafnað þátttöku á öllum stigum

rannsóknarinnar. Einnig kom fram að þátttakendur gætu óskað eftir því að upplýsingar úr viðtölum yrðu ekki notaðar í rannsókninni. Eftir að þátttakendur höfðu haft tækifæri til að kynna sér upplýsingabréfið var þátttaka staðfest með tölvupósti. Í þessari rannsókn var ekki þörf á leyfi persónuverndar en þátttakendur gáfu upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni og samþykktu að viðtölin væru hljóðrituð. Aldur þátttakenda var frekar dreifður en yngsti þátttakandi var 24 ára en elsti var 55 og höfðu þeir búið á Íslandi misjafnlega lengi, minnst í 6 ár og mest í 23 ár. Allir þátttakendur gátu tjáð sig vel annaðhvort á íslensku eða ensku. Þátttakendur áttu allir börn í íslenskum grunnskóla. Flestir áttu uppruna í Austur-Evrópu, en annars voru þátttakendur einnig frá Asíu og vestur- Evrópu. Til þess að halda trúnaði við þátttakendur verður þeim ekki lýst frekar til að koma í veg fyrir að hægt sé að auðkenna þá með einhverjum hætti.

Í viðtölum var notast við viðtalsramma og voru þátttakendur spurðir út í bakgrunn sinn, hvers vegna þeir höfðu flust til Íslands og hversu lengi þeir hefðu búið á landinu. En aðal umræðuefnið voru væntingar þátttakenda og viðhorf þeirra gagnvart heimanámi í íslenskum skólum og stuðningi við börn þeirra. Rannsakandi leitaði eftir því hvort þátttakendur vildu meira heimanám fyrir börn sín eða ekki, og þá hverjar væru ástæður þess. Jafnframt vildi rannsakandi athuga hvort þátttakendur hefðu sérstaka skoðun á því hvernig heimanámi ætti að vera háttáð, varðandi magn og inntak. Jafnframt voru þátttakendur spurðir út í það hvort þeir teldu sig vera í stakk búna til að aðstoða börn sín við heimanám. Að lokum leitaðist rannsakandi eftir því hvort þeir teldu þörf á auknum námslegum eða félagslegum stuðningi fyrir börn sín og hvernig þeim stuðningi ætti að vera háttáð.

4.4 Gagnaöflun

Megindleg gögn

Rannsakanda bauðst tækifæri til að vinna með gögn sem aflað var í rannsóknarverkefninu [*Inclusive societies. The integration of immigrants in Iceland*](#) sem unnið var af hópi fræðimanna við HA og HÍ í samvinnu við alþjóðlega sérfræðinga. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hafði

yfirumsjón með gagnaöfluninni og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Markus Meckl. Sendur var út rafrænn spurningarlisti til þátttakenda haustið 2018. Gagnaöflun fór fram haustið 2018 með rafrænum spurningalista og stóð yfir í 10 vikur. Spurningalistinn var aðgengilegur á 7 tungumálum og innihélt 39 númeraðar spurningar sem snéru að aðlögun innflytjenda og stöðu þeirra í íslensku samfélagi ásamt viðhorfum Íslendinga til fjölmenningar og innflytjenda (Ómar Hjalti Sölvason og Markus Meckl, 2019, bls. 3-4). Notast var við snjóboltáurtak í samstarfi við símenntunarstöðvar til að koma boltanum af stað. Alls svöruðu 2211 manns spurningalistanum og var hæst hlutfall þátttakenda frá höfuðborgarsvæðinu.

Í þessari rannsókn voru notaðar niðurstöður úr þremur spurningum en spurningalistinn innihélt alls 39 númeraðar spurningar. Spurningarnar voru lagðar fram sem staðhæfingar og snéru annars vegar að heimanámi og hins vegar að stuðningi við börn og stuðningi við íslenskukennslu barna:

Nemendur ættu að fá meira heimanám.

Nemendur fá nægan stuðning í skólanum.

Nemendur af erlendum uppruna ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku.

Þátttakendum voru gefnir fimm valmöguleikar til að svara þessum staðhæfingum, hvort þeir væru mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála, mjög ósammála eða ef þeim fyndist þetta fínt eins og það er. Spurningarnar sem valdar voru til grundvallar rannsókninni voru miðaðar að innflytjendum sem eiga börn sem hafa gengið í íslenska grunnskóla.

Eigindleg gögn

Gagnaöflun í formi viðtala við innflytjendur fór fram frá 5. maí til 2. október 2019

Tekin voru viðtöl við 15 innflytjendur sem búsettir voru á Suðurnesjum og áttu börn í grunnskóla og þeir spurðir fyrirfram ákveðinna spurninga.

Viðtalsrammi var hannaður sem innihélt opnar spurningar um viðfangsefnið ásamt bakgrunnsspurningum. Viðtölin voru einstaklingsviðtöl og fóru fram á heimilum viðmælanda. Hvert viðtal var að meðaltali um 30 mínútur, það stysta var 20 mínútur en það lengsta var 37 mínútur. Flestir viðmælendur voru stressaðir í upphafi en urðu afslappaðri þegar leið á viðtalið og þeir gátu talað frjáltslega. Flestir viðmælendur töluðu ekki móðurmál sitt í viðtalinu heldur kusu íslensku eða ensku og því var nokkrum sinnum staldrað við í viðtölunum til þess að skýra frekar meiningu viðmælanda ef slíkt var óljóst. Rannsakandi endurtók svör viðmælanda til þess að fá vissu um að svörin hafi verið rétt skilin.

4.5 Greining og úrvinnsla gagna

Megindleg gögn

Megindleg gögn úr spurningalista voru greind með einhliða dreifigreiningu þar sem meðaltöl hópa voru borin saman. Úrvinnsla megindlegra gagna átti sér stað í upphafi þar sem niðurstöður spurningalista lágu fyrir.

Greining eigindlegra gagna

Gögnin sem fengust úr eigindlegum hluta rannsóknarinnar innihéldu viðtöl við 15 innflytjendur. Gögnin voru greind með opinni kóðun (e. open coding) þar sem fundin voru mikilvægustu atriðin í tengslum við viðfangsefni rannsóknarinnar og reynt að finna sameiginlegan þráð í þeim (Creswell, 2014, bls. 424-5). Fræðimenn skilgreina þrjár tegundir opinnar kóðunar sem fylgt var í þessari rannsókn. Fyrst eru gögnin skráð orðrétt, orð fyrir orð, en síðan fer fram greining á setningum og málsgreinum og skoðað hvaða meginhugmyndir koma fram. Að lokum eru gögnin skoðuð í heild þar sem skoðaðar eru þær spurningar og hugmyndir sem fram koma (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2016, bls. 364-366).

Viðtölin voru hljóðrituð orðrétt og færð inn á tölvutækt form ásamt minnispunktum og athugasemdum rannsakanda úr viðtölunum. Fundin voru sameiginleg þemu eða mynstur í svörum viðmælanda sem komu fram í

gögnunum og þau hlutuð niður í undirþemu til að sýna fram á mikilvæg atriði sem fram kæmu í svörum viðmælenda. Að lokum voru öll gögnin dregin saman þar sem meginhugmyndir komu í ljós.

4.6 Siðferðileg álitamál rannsóknarinnar

Til þess að rannsókn standi undir nafni er nauðsynlegt að hún uppfylli siðferðilegar kröfur jafnt sem aðferðafræðilegar (Sigurður Kristinsson, 2016, bls. 71) Þegar rannsakandi gerir tilraun til að skýra frá viðhorfum eða skoðunum minnihlutahóps er mikilvægt að hann ígrundi eigin viðhorf gagnvart tédum hópi til að gæta hlutleysis. Mikilvægt er að huga sérstaklega að því að draga ekki upp staðalímyndir af hópnum á einhvern hátt og þurfa niðurstöður rannsóknarinnar því frekar að ýta undir aðgerðir sem mögulega bæta hag þeirra sem rannsóknin miðar að. Þegar notaðar eru aðferðir eigindlegra- og meginglegra rannsókn þarf að huga vel að siðferðilegum þáttum beggja rannsóknaraðferða. Þegar notast er við skýrandi raðsnið (e. explanatory sequential design) líkt og gert er í þessari rannsókn er mikilvægt að úrtakið í meginglegum hluta rannsóknarinnar sé nægilega stórt og jafnframt er nauðsynlegt að tenging við eigindlega hlutann sé skýr (Creswell, 2012, bls. 553). Mikilvægt er að þátttakendur hafi gefið upplýst og óþvingað samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni, vitandi að þeir geti hætt við þátttöku hvenær sem er á meðan rannsóknin stendur yfir. Því þarf að veita þátttakendum upplýsingar um markmið rannsóknarinnar og hvernig rannsakandi hyggst nota niðurstöðurnar. Nauðsynlegt er að uppfylla trúnað við þátttakendur og þeim þarf að vera ljóst að upplýsingarnar muni ekki koma til með að persónugreina þá (Sigurður Kristinsson, 2016, bls. 73-84). Í þessari rannsókn var ekki þörf á leyfi Persónuverndar.

Þar sem tekin voru viðtöl við erlenda foreldra, innflytjendur, sem teljast til minnihlutahóps hér á Íslandi, þarf að huga sérstaklega að viðkvæmri stöðu þeirra. Því þarf að gæta þess að rannsóknarniðurstöður skapi ekki eða styrki órókstuddar staðalímyndir. Einstaklingar sem tilheyra minnihlutahópi gætu verið hikandi með að taka þátt af ótta við að hópurinn sem þeir tilheyra gæti birst í neikvæðu eða óheppilegu ljósi. Það er því mikilvægt að gera þátttakendum ljóst að trúnaður ríkir í öllum skrefum rannsóknarinnar.

Rannsakandi þarf þá að forðast niðurlægjandi lýsingar á menningu og samfélagsgerð hópsins líkt og Vísindasiðareglur Háskóla Íslands (2014, bls. 12) tilgreina. Þar að auki þarf að gæta þess að gefa einungis upp lágmarkslýsingar á þátttakendum rannsóknarinnar til þess að ekki sé hægt að auðkenna þá með neinum hætti. Í viðtölum var ekki þörf á túlki þar sem þátttakendur töluðu góða ensku eða íslensku. Þar sem þátttakendur svöruðu ekki spurningum rannsakanda á sínu eigin móðurmáli varð rannsakandi að gæta þess að túlka ekki orð þeirra heldur spyrja viðmælanda um rétta meiningu.

Þar sem notuð voru gögn sem fengin voru úr rannsóknarverkefni á vegum annarra fræðimanna hvílir enn fremur á rannsakanda sú siðferðislega ábyrgð um að fara rétt með þau gögn til að rýra ekki gildi þeirrar rannsóknar eða mannorð rannsakenda.

4.7 Réttmæti og áreiðanleiki

Mikilvægt er að rannsakandi leiti allra leiða fyrir fram til að auka gæði rannsóknarinnar með því að auka réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar. Annars vegar er talað um innra réttmæti rannsóknar og hins vegar ytra réttmæti. Innra réttmæti vísar til þess hversu góðar rannsóknaraðferðir eru valdar og hversu gott tilraunasniðið er þannig að hægt sé að meta hversu trúverðuglegar ályktanir má draga af niðurstöðunum. Ytra réttmæti vísar til þess hvort hægt sé að alhæfa niðurstöður yfir á annað þýði. Réttmæti eigindlegra rannsókna byggja á annarri fræðisýn en meginlegra rannsókna og er metið út frá öðrum mælikvörðum. Í eigindlegum rannsóknum skipta þátttakendurnir meira máli og er réttmæti rannsóknarinnar bundið frekar við trúverðugleika frekar er að vera skilgreindur á grunni rannsóknarinnar. Til að auka innra réttmæti eigindlegra rannsókna og auka trúverðugleika þarf rannsakandi að gefa sér góðan tíma til að ræða við fólk, hlusta og fylgjast vel með og gefa sér góðan tíma til að velta niðurstöðum fyrir sér með því að staldra við með opnum huga og spyrjandi hugarfari. Auk þess er mikilvægt að staðfesta við þátttakendur hvort atriði sem fram koma í viðtölum og athugunum séu rétt skilin til að auka trúverðugleika niðurstaðna. Ytra réttmæti felur í sér að rannsóknaniðurstöður hafi merkingu og notagildi fyrir þá sem rýna í rannsóknina og niðurstöðurnar passi í samhengi við rannsóknina sjálfa og passi

við þau rannsóknargögn sem hún byggir á (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2016, bls. 215-219).

Hlutverk rannsakandans í eigindlegum rannsóknum skiptir miklu máli þar sem hann er í raun sjálfur mælitækið, færni hans og nákvæmni í rannsóknarvinnunni allri hefur áhrif á gæði rannsóknarinnar í heild. Í samræðum við þátttakendur hlustar rannsakandi og skráir hjá sér þar sem fram kemur með spyrjandi hugarfari varðandi eigin túlkun (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2016, bls. 219-221).

Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar

Styrkleikar rannsóknarinnar í megindelegum hluta hennar felast í því að gögn voru fengin úr rannsóknarverkefninu *Inclusive societies. The intergration of immigrants in Iceland* sem unnið var af hópi fræðimanna við HA og HÍ í samvinnu við alþjóðlega sérfræðinga. Helstu veikleikar í tengslum við megindelega hluta rannsóknarinnar er reynsluleysi rannsakanda í túlkun og framsetningu megindegra gagna. Þessum veikleika var þó mætt með góðu aðgengi og samtali við rannsakendur verkefnis.

Styrkleikar í eigindlegum hluta rannsóknarinnar felast í því að viðtöl voru tekin við 15 þátttakendur af mismunandi uppruna. Helstu veikleikar gætu falist í einsleitni þátttakenda þar sem þátttakendur voru valdir með snjóboltaúrtaki og í nokkrum tilfellum voru persónuleg tengsl milli þátttakenda.

4.8 Samantekt

Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf foreldra af erlendum uppruna gagnvart heimanámi ásamt því að athuga hvernig þeir meta námslegan- og félagslegan stuðning sem börn þeirra fá í grunnskóla. Notast var við aðferðir blandaðra rannsókna þar sem megindeleg gögn voru fengin úr rannsóknarverkefninu *Inclusive societies. The intergration of immigrants in Iceland* sem unnið var af hópi fræðimanna við HA og HÍ í samvinnu við alþjóðlega sérfræðinga. Eigindleg gögn voru fengin með viðtölum við 15 innflytjendur sem búsettir voru á Suðurnesjum og áttu börn í grunnskólum á

svæðinu. Markmið rannsakanda var að nýta þær upplýsingar sem fengjust úr eiginlegum gögnum til að fá dýpri skilning á meginlegum niðurstöðum til þess að fá svar við rannsóknarspurningunni. Rannsakandi fór eftir þeim reglum og vinnuferlum sem sett eru við framkvæmd rannsókna og reyndi einnig að vinna á þann hátt að réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar væri fyrir hendi.

5. Niðurstöður


Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöðum er skipt í tvo undirkafla, meginlegar niðurstöður úr spurningalista og eiginlegar niðurstöður úr viðtölum. Í lok hvors undirkafla verða niðurstöður dregnar saman.

5.1 Meginlegar niðurstöður

Heimanám

Aðeins ein spurning varðaði heimanám og birtist með þeirri staðhæfingu að nemendur ættu að fá meira heimanám. Þátttakendur merktu svo við hvort þeir væru sammála þessu eða ekki og fengu til þess fimm valmöguleika. Alls svöruðu 51,8% af heildarfjölda þátttakenda spurningunni um heimanám eða um 1144 manns. Af töflu tvö má sjá hvernig svörin koma fram.

Tafla 2 Viðhorf gagnvart heimanámi




Af niðurstöðum má sjá að 45% þátttakenda er mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að nemendur ættu að fá meira heimanám. Þá eru þeir sem

eru mjög eða frekar ósammála einungis 32% sem telur til minnihlutans. Þá eru 23.5% sem finnst heimanám fínt eins og það er. Því er meirihluti þátttakenda sem er þeirrar skoðunar að ekki þurfi að auka við heimanám í skóla eða alls 68.5%.

Stuðningur í skólanum

Spurt var hvort nemendur fengju nægan stuðning í skólanum. Ekki var sérstaklega tilgreint hvernig stuðning væri átt við í þessu samhengi. Alls voru 49.1% af heildarhlutfalli þátttakenda sem svöruðu þessari spurningu. Tafla 3 sýnir hvernig svörin komu fram.

Tafla 3 Viðhorf gagnvart stuðningi í skólanum




Líkt og má sjá af töflunni sýna niðurstöðurnar að 67.7% voru mjög eða frekar sammála því að nemendur fái nægan stuðning í skólanum en einungis 18.4% sem var mjög eða frekar ósammála. Þá voru 13.9% sem fannst stuðningur fínn eins og hann er. Þetta segir okkur að stór meirihluti þeirra sem svöruðu er mjög sammála því að nemendur af erlendum uppruna fái nægan stuðning í skólanum.

Að lokum var spurning sem varðaði það hvort innflytjendur teldu að nemendur þyrftu meiri stuðning við að læra íslensku. Alls voru um 51,2% af

heildarfjöldi þátttakenda sem svöruðu spurningunni. Af töflu fjögur má sjá hvernig svörin komu fram.

Tafla 4 Viðhorf gagnvart stuðningi við íslenskunám



Líkt og sjá má á töflunni voru 84.5% þátttakenda mjög eða frekar sammála því að nemendur ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku en einungis 4.1% sem er ósammála. Þá eru 11.4% sem finnst stuðningurinn fínn eins og hann er. Því er stór meirihluti þátttakenda þeirrar skoðunar að nemendur af erlendum uppruna þurfi meiri stuðning við að læra íslensku.

5.2 Eigindlegar niðurstöður

Í þessum hluta niðurstaðna verður fjallað um niðurstöður úr viðtölum við foreldra af erlendum uppruna út frá þeim megin þemum sem fram komu. Megin þemun voru bakgrunnur þátttakenda, upphaf skólagöngu, væntingar til grunnskólans, upplifun á skólastarfi, móðurmál og tvítýngi, heimanám og stuðningur í skólanum. Áhersla er lögð á að draga fram reynslu og viðhorf einstaklingana án þess að draga fram atriði sem gætu auðkennt þá með einhverjum hætti.

Bakgrunnur þátttakenda og aðstæður

Flestir þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa flust búferlum til Íslands í leit að atvinnutækifærum. Nefndu þeir að ætlun þeirra hefði verið að vinna á Íslandi í nokkur ár en flytjast svo aftur til heimalands, en vera þeirra hér hafi í lengst töluvert. Einn þátttakandi sagði:

Við ætluðum bara að koma og vera í tvö ár að vinna og fara svo aftur til baka, en svo var þetta bara svo gott hér að við erum ekki farin. Við ætlum kannski ekkert að fara.

Þá voru þátttakendur sammála um að aðstæður þeirra í heimalandi hafi ekki verið nógu góðar og þeir hafi jafnframt verið að leita að betra umhverfi fyrir fjölskyldu þeirra og það hafi átt stóran þátt í að þeir ákváðu að í lengjast á Íslandi. Einnig nefndu tólf þátttakendur að ein af ástæðum flutninganna hafi verið til að vera nálægt vinum eða ættingjum sem höfðu áður flutt til Íslands. Einungis þrjú þátttakendur sögðust ekki hafa þekkt neinn á Íslandi áður en þeir fluttu og því meirihluti þátttakenda sem hafði einhver tengsl á Íslandi fyrir flutning. Þegar rannsakandi spurði út í núverandi tengslanet á Íslandi nefndu þátttakendur að bæði ættu þeir vini og fjölskyldu hér og hefðu komið sér nokkuð vel fyrir í núverandi sveitarfélagi.

Þátttakendur voru allir búsettir í sveitarfélögum á Suðurnesjum en þó nefndu nokkrir að hafa upphaflega flutt í minni sveitarfélög út á landi. Upplifun þeirra sem höfðu flutt í minni sveitarfélög út á landi var að öllu leyti jákvæð þar sem þeir töldu sig velkomna og hafa fengið góðan stuðning frá bæjarbúum við að koma sér fyrir og fá upplýsingar varðandi t.d. leikskóla og aðra þjónustu. Það hafi hins vegar ekki verið raunin þegar þeir fluttu síðan á Reykjanesskagann. Að þeirra áliti reyndist þeim töluvert erfiðar að kynna fólki og aðlagast samfélaginu á Suðurnesjunum. Einn þátttakandi sem flust hafði til Suðurnesja eftir að hafa búið fyrir norðan í töluvert minna bæjarfélagi sagði:

Það er erfiðara hérna, fleira fólk og meiri hraði. Það er erfitt að hitta fólk og kynna nýjum vinum. Ég finn mikið fyrir því hér, það er erfitt að komast inn.

Aðrir þátttakendur sem höfðu búið á Suðurnesjum frá komu þeirra til Íslands sögðu að þeir hefðu þurft að reiða sig á aðra innflytjendur frekar en innfædda til að fá upplýsingar um þjónustu í sveitarfélaginu. Allir þátttakendur höfðu sótt námskeið í íslensku en aðeins nokkrir töldu sig hafa náð góðum tókum á tungumálinu. Sumir treystu frekar á ensku þótt þeir gætu átt einfaldar samræður á íslensku. Það átti sérstaklega við um þátttakendur sem sögðust starfa aðallega með öðrum innflytjendum með sama móðurmál og að umgengni þeirra við Íslendinga væri mjög takmörkuð. Þeir sem töldu sig hafa náð góðum tókum á íslensku sögðu að þeir störfuðu með Íslendingum sem gerði það auðveldara að halda tungumálinu við. Þó voru nokkrir sem sögðust tala ágæta íslensku en treystu sér ekki til þess að tala hana á vinnustaðnum eða nota hana í samræðum við Íslendinga.

Upphaf skólagöngu og væntingar til grunnskólans

Einungis tveir þátttakendur höfðu grennslast fyrir um skólakerfið á Íslandi fyrir komu þeirra til landsins en þær upplýsingar fengu þeir frá vinum eða ættingjum sem höfðu átt börn í íslenskum skólum. Þeir hefðu fengið þær upplýsingar að íslenskir skólar væru ekki eins strangir og í heimalandi og að nemendur fengju meira frelsi. Hins vegar sögðust þeir ekki hafa haft miklar upplýsingar um almennt skólastarf þegar barnið þeirra hóf nám í grunnskóla. Sama mátti heyra frá hinum þátttakendum sem sögðust ekki hafa vitað mikið um íslenska skóla fyrir en barnið þeirra átti að hefja nám. Höfðu þeir gert ráð fyrir að upplýsingar bærust til þeirra á þeirra tungumáli og að túlkur væri til reiðu fyrir foreldra við upphaf skólagöngunnar. Í flestum tilfellum hafi það þó ekki verið raunin þar sem sumir þátttakenda upplifðu að ekki hafa verið tekið sérstakt tillit til þess að þeir skildu ekki íslensku. Túlkur hafi þó verið til staðar í foreldraviðtölum og á öðrum fundum. Þegar rannsakandi spurði hvort þátttakendur hefðu haft frumkvæði af því að fá fundi með skólanum eða spyrja um skólastarfið sögðust nokkrir hafa gert það. Þeir hefðu þá fengið fund með umsjónarkennaranum eða nýbúakennaranum ásamt túlki til þess að fá frekari upplýsingar um nám barna þeirra. Það hafi þó verið margt sem hefði þurft að læra af reynslunni og fannst þátttakendum að betra hefði verið að helstu upplýsingar um skólabyrjun og almennt skólastarf hefði borist þeim fyrir. Sumir sögðust hafa reitt sig á aðra foreldra til að fá upplýsingar um skólastarfið og viðburði í tengslum við skólann.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða væntingar þeir hefðu haft til grunnskólans við skólabyrjun barna þeirra nefndu nokkrir að þeir gerðu ráð fyrir að tekið væri sérstakt tillit til barna þeirra á meðan þau væru að ná tókum á íslensku. Þátttakendur höfðu þær væntingar að nemendur með annað móðurmál fengju aðlagð námsefni sem miðaði að því að auka orðaforða þeirra og skilning sérstaklega og fengju að hafa með sér orðabók í kennslustundum. Þátttakendur gerðu einnig ráð fyrir að börnin fengju aukastuðning í kennslustundum til þess að hjálpa þeim með námið en jafnframt að þau fengju fleiri kennslustundir í íslensku og sérstaka aðstoð við lestur.

Þegar viðtöl fóru fram áttu allir þátttakendur börn í íslenskum skólum en einungis fjórir áttu börn sem áður höfðu gengið í skóla í heimalandinu. Nefndu þátttakendur að aðlögunin hafi reynst börnum þeirra áskorun. Þeir sem áttu börn sem hófu nám á yngsta stigi nefndu að aðlögunin hafi verið erfið í fyrstu en í heildina hafi hún gengið nokkuð vel. Það hafi ekki tekið of langan tíma fyrir börnin að læra íslenskuna og það hafi hjálpað mikið til að fara beint í hefðbundinn bekk innan um íslensk börn þar sem var mikill hvati til að læra nýja tungumálið. Þeir sem áttu börn sem hófu nám á mið- og unglíngastigi sögðu að erfitt hefði verið fyrir börnin að eignast íslenska vini í fyrstu og það hafi skapað mikla vanlíðan. Það hafi tekið langan tíma að læra íslensku sem gerði það að verkum að sjálfstraustið minnkaði og það hafi skapað erfiðar tilfinningar hjá barninu. Nefndu þátttakendur að miklu skipti að geta átt gott samstarf við skólann til þess að aðlögun gangi vel. Þar sem barnið fer beint úr einu skólaumhverfi í annað þarf það bæði tíma og skilning til að aðlagast vel skiptir miklu máli fyrir foreldrana að geta fengið góðar upplýsingar um líðan barnsins. Einn þátttakandi sagði:

Þetta er svo mikil breyting, sonur minn var mjög kvíðinn að byrja því hann þekkir engan. Hann stóð sig vel í skólanum heima en nú hefur hann áhyggjur að standa sig illa því hann kann ekki íslenskuna.

Eitt barnanna fór í móttökudeild áður en það hóf nám innan bekkjardeildar og var sú reynsla að mestu jákvæð þar sem barnið fékk orðaforða í íslensku en þó hafði það haft áhrif á líðan barnsins. Að mati foreldranna var það lykilatíði að eignast góða íslenska vini svo auðveldara væri að læra íslenskuna.

Upplifun á skólastarfi

Þátttakendur höfðu ýmsar væntingar til skólastarfsins sem snéru að því að tekið væri sérstakt tillit til barna þeirra þar sem þau væru að tileinka sér íslensku. Upplifun þeirra á skólanum var hins vegar misjöfn. Flestir þátttakendur báru traust til kennara og treystu á að börn þeirra hefðu ákveðin sveigjanleika með námsefnið og fengju meiri tíma til að læra það. Það væri þó ekki alltaf reynslan og upplifðu margir þátttakendur að það ætti að gefa tvítýngdum nemendum meiri tíma og undirbúning t.d. fyrir próf. Það væri of mikið ætlast til þess að tvítýngdu börnin lærðu á sama hraða og hinir þótt þeim þætti augljóst að þau þyrftu meiri tíma til að tileinka sér efnið og fara yfir hugtök og orðaforða. Einnig var upplifun eins þátttakanda að það væri svo mikil ofuráhersla lögð á íslenskt tungumál að ekki væri unnið með aðra styrkleika barnsins og því virtist það alltaf koma illa út í samanburði við önnur börn. Það ætti að vinna sérstaklega með að styrkja tvítýngd börn á fleiri sviðum, þannig að þau fengju meiri trú á sjálfum sér. Einnig fannst þeim að ekki væri lögð eins mikil áhersla á aga og þeir vildu og að þeim blöskraði oft að stíga inn í skólana og sjá börn um alla ganga. Töldu þeir agaleysi mikið vandamál innan grunnskólanna og það hefði slæm áhrif á börnin sín. Það væri ekki lögð nægilega mikil áhersla á að bera virðingu fyrir öðrum og það kom mörgum á óvart hversu mikið frelsi nemendur hefðu. Í heimalandinu væri mikið lagt upp úr virðingu fyrir þeim sem eldri væru en það væri ekki gert hér. Það hefði haft þær afleiðingar fyrir eitt barnið að þegar það fór í heimsókn eitt sumarið til ættingja í heimalandinu að ættingjunum fannst það haga sér illa því það var ekki vant því að fara eftir sömu reglum í hegðun og samskiptum. Þrátt fyrir að upplifa skort á aga og meiri sveigjanleika fyrir börnin sín voru flestir þátttakendur sammála um að börnunum þeirra liði almennt vel í skólanum og að þetta frjálssa fyrirkomulag og slakari rammi utan um börnin gæfu þeim meira frelsi til að eignast vini og eiga í samskiptum hvert við annað.

Móðurmál og tvítýngi

Nær allir þátttakendur voru meðvitaðir um mikilvægi móðurmálsins og sögðust leggja rækt við móðurmálið á heimilinu, t.d. með því að tala saman, horfa á kvikmyndir og lesa saman bækur á eigin móðurmáli. Nefndu þátttakendur í því samhengi að þeir leggðu áherslu á að börn þeirra héldu við

kunnáttu sinni og færni í móðurmálinu þar sem þeir ættu ættingja og vini í heimalandinu og ferðuðust reglulega þangað. Töldu þeir mikilvægt að börnin gætu átt samræður við eldri ættingja sem tala einungis móðurmálið og haldið við tengslunum þrátt fyrir fjarlægðina. Var það einnig ósk nokkurra þátttakenda að börn þeirra yrðu jafnvíg í móðurmálinu og íslenskunni og gætu þar með sótt frekara nám og fengið góða vinnu hvort sem það væri í heimalandinu eða á Íslandi. Það væri mikilvægt að barnið gæti sjálft valið hvert það færi í frekara nám, hvort sem það væri í heimalandi eða á Íslandi þegar það væri fullorðið. Með því að ná tökum á báðum tungumálum töldu þátttakendur að staða þeirra á íslenskum atvinnumarkaði yrði sterkari og fleiri tækifæri byðust börnum þeirra. Greinilegt var á svörum þátttakenda að þeir höfðu metnað fyrir hönd barna sinna og sáu fyrir sér að barnið þeirra næði sér í frekari menntun að loknum grunnskóla. Einungis einn þátttakandi sagðist reyna að tala íslensku á heimilinu við barnið samhliða móðurmálinu, þrátt fyrir að íslenskan væri bjöguð. Taldi hann að það hefði jákvæð áhrif á að barnið tileinkaði sér íslenskuna frekar og væri jákvæðara gagnvart því að læra hana ef það upplifði að foreldrið leggði líka talsvert á sig til að læra hana. Þar með væri það orðið fjölskylduverkefni að læra íslensku þar sem allir á heimilinu æfa sig saman og leggja sig fram við að tala íslensku.

Heimanám

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við heimanám voru tvískiptar, þeir sem voru ekki fylgjandi meira heimanámi og þeir sem voru fylgjandi. Skoðanir þátttakenda byggðust að miklu leyti af þeirra eigin reynslu af heimanámi úr eigin skólagöngu og því er vert að draga fram þá reynslu til að setja svör þeirra í samhengi. Mikil áhersla hafi verið lögð á heimanám í æsku þeirra sem hefði í einhverjum tilfellum skapað mikla streitu á heimili þeirra. En að þeirra sögn hafi mikið heimanám þótt eðlilegt og ekki hafi þýtt að kvarta yfir miklu vinnuálagi.

Ég var bara alltaf að læra heima, ég varð alveg rosalega þreytt. Svo vildi ég ekki meira og þá var mamma reið. Þegar við vildum ekki læra var mikið stress því við áttum bara að læra. Það var ekki spurning um neitt annað.

Heimanámið hafi tekið langan tíma af hverjum degi þannig að lítið svigrúm skapaðist fyrir vini og tólmstundir sem mörgum þótti miður. Nefndu þátttakendur að lítið tími hafi gefist í leik eða aðrar samverustundir með fjölskyldunni þar sem heimanám tók stóran hluta af degi hverjum. Þegar rannsakandi spurði hvers vegna þátttakendur töldu að heimanám hafi verið jafn stór hluti af þeirra skólagöngu og raun var, voru svörin á þá leið að mikilvægt væri að geta lært og ná árangri í námi til þess að geta sótt framhaldsmenntun og fengið mannsæmandi starf. Því til stuðnings bentu þrír þátttakendur á að í heimalandi þeirra væri mikið um láglauastörf og fá tækifæri til framhaldsmenntunar og því lögðu foreldrar þeirra áherslu á nám og heimanám til að þau gætu sótt um í góðum háskólum annarsstaðar. Einn þátttakandi sagði:

Foreldrar mínir sögðu að ef ég vildi verða eitthvað almennilegt svo ég þyrfti ekki að vinna í láglauastarfi eins og þau yrði ég að vera dugleg að læra. Þau vildu auðvitað bara það besta fyrir mig, en þetta var erfitt. Það er erfitt að læra. En ég náði að fara í háskóla.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir töldu að heimanámið hefði stuðlað að betri námsárangri voru svörin misjöfn. Sumir þátttakendur töldu heimanámið tvímælalaust hafa haft jákvæð áhrif á námsárangur þeirra þar sem þeim þótti ýmist erfitt að sitja á skólabekk og náðu mun betri einbeitingu heima eða að heimanámið hefði veitt þeim betri skilning á námsefninu, sérstaklega stærðfræði. Nokkrir töldu að skipulagið í kring um heimanámið hafi veitt þeim nauðsynlega umgjörð og kennt þeim ákveðið vinnusiðferði sem hafi síðar gagnast þeim á fullorðinsárum. En þó voru nokkrir sem nefndu að þótt vinnuálagið í skólanum hafi verið mikið hafi það ekki endilega skilað betri námsárangri. Tveir þátttakendur sögðust ekki hafa verið sterkir námsmenn og að heimanám hafi reynst þeim mjög þung byrði, þeir hefðu hvorki haft áhuga á að sinna því né upplifað að það myndi hjálpa þeim mikið. Hins vegar hafi þeir neyðst til þess þar sem þeir hafi verið hræddir við afleiðingarnar af því að gera það ekki. Upplifun þeirra af heimanámi var því töluvert neikvæð. Einn þátttakandi sagði:

Þetta var bara rosalega leiðinlegt. Mig langaði að leika mér og teikna, því ég teikna mjög mikið og er mjög listræn, en ég átti erfitt með stærðfræði og svona bóklegt nám þannig heimanámið var mjög erfitt. Svo mundi ég oft ekki hvað ég var að gera svo það hjálpaði mér ekki neitt.

Andstæðingar heimanáms

Pegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir kysu að hafa meira heimanám fyrir þeirra eigin börn í grunnskóla vildi meirihlutinn það ekki. Flestir töldu það jákvætt að heimanám væri í lágmarki þar sem börn þeirra hefðu þá meiri frítíma til þess að sinna vinum og tómstundum. Það hefði haft jákvæð áhrif á börn þeirra sem hefðu prófað ýmis áhugamál og íþróttir sem þau annars hefðu ekki gert að mati foreldra þeirra. Einn þátttakandi sagði:

Nú er hann bara alltaf að leika sér við einhvern. Kemur heim úr skólanum og beint út að leika, yfirleitt í fótbolta. Svo fer hann á æfingu með strákunum. Þeir eru alltaf saman.

Að mati þátttakenda er mikilvægt fyrir börn þeirra að eignast góða íslenska vini til þess að ná tökum á tungumálinu og frjáls tími eftir skóla geri þeim það frekar kleift. Sumir sögðust leggja áherslu á það við börn sín að finna sér íslenska vini frekar en vini sem tala sama tungumál til þess að þau fengju frekar tækifæri til að læra íslenskuna betur. Átti það sérstaklega við ef margir í bekknum eða á sama aldri töluðu sama tungumál. Þátttakendur sögðust óttast það að börn þeirra hópuðu sig saman í skólanum með öðrum með sama móðurmál og forðast það að tala íslensku. Þrátt fyrir það voru nokkrir þátttakendur sem sögðust sjálfir umgangast mikið af fólki með sama móðurmál en eiga lítið af íslenskum vinum. Það átti hins vegar ekki alltaf við og sumir þátttakendur sögðu að þeir vissu ekki um annað barn í sama skóla sem talaði sama móðurmál og þau og þ.a.l. hefði barnið eignast íslenska vini.

Aðspurðir að því hvort þátttakendur teldu að takmarkað heimanám hefði áhrif á námsárangur barna þeirra voru svörin misjöfn. Sumir töldu alveg nógu mikið fyrir barnið þeirra að læra í skólanum. Það væri eitt og sér nógu erfitt að læra nýtt tungumál og töldu þátttakendur að barnið þeirra myndi ekki græða mikið á því að læra aukalega heima. Þó voru nokkrir sem töldu að í stað lesturs á hverjum degi mætti vera meira af verkefnum í tengslum við orðaforða og skilning eða jafnvel stærðfræði. Að þeirra áliti ætti ekki að auka við heimanámið en hafa það með mun fjölbreyttari hætti, lestur á hverjum degi væri frekar einhæfur og börnin myndu græða meira á því að þjálfra t.d. frekari orðaforða. Töldu þá þátttakendur að það myndi einnig hjálpa að fá heim námsbækur til að barnið hefði tækifæri til að ræða námið við foreldra sína og þau gætu séð hvers konar orðaforða barnið þeirra vinnur með í skólanum. Átti

Það sérstaklega við um foreldra barna á yngsta stigi þar sem orðaforðinn er einfaldari en þátttakendur höfðu sjálfir margir lært íslensku og töldu að þeir gætu sjálfir lært af því að skoða námsbækur barna sinna.

Þótt flestir þátttakendur hefðu sótt námskeið í íslensku voru ekki allir sem treystu sér til þess að tala hana þar sem þá skorti mikinn orðaforða að eigin álit. Því ættu þeir í erfiðleikum með að aðstoða við heimanám, ef það væri aukið. Sumir áttu mun auðveldara með að tjá sig á ensku frekar en íslensku og þrátt fyrir að heimanámið væri einungis lestur þá gætu þau ekki leiðrétt framburð orða hjá börnunum þeirra eða hjálpað við orðaskilning. Því væri hentugra ef börnin fengju með sér verkefni sem þau gætu auðveldlega leyst eða fengju aðstoð við að lesa aukalega í skólanum. Einn þátttakandi sagði:

I can not help her with the Icelandic language, you know, how you pronounce the words right. When she is reading she asks me what the words mean but I do not know. So I am not much help for her at home. Her father speaks better Icelandic but he is working long hours.

Fjórir þátttakendur nefndu að auk þess að sækja nám í grunnskóla þá sækja börn þeirra nám í öðrum skólum, m.a. í Pólska skólanum í Reykjavík eða fjarnám frá öðrum skóla í heimalandinu. Nefndu þátttakendurnir að þeir væru mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að viðhalda eigin móðurmáli og auka við þekkingu sína og orðaforða. Jafnframt voru þeir meðvitaðir um að góður grunnur í móðurmálinu væri mikilvægur til þess að ná góðum tókum á íslenskunni. Auk þess töldu þeir mikilvægt að börn þeirra væru samstíga jafnöldrum í heimalandinu og voru ástæður þess nokkrar. Þátttakendur nefndu að möguleiki væri á því að fjölskyldan flyttist aftur til heimalandsins og vildu því að börnin þeirra ættu auðveldara með að aðlagast skóla í heimalandinu ef það er á svipuðum stað í námsefninu og jafnaldrar. Einnig höfðu foreldrarnir það í huga að börn þeirra gætu viljað flytja aftur til heimalandsins í framtíðinni og vildu tryggja að þau hefði möguleika á að sækja háskóla og atvinnu þar ef þau óskuðu þess. Af þessum ástæðum sóttu börn þeirra aukalega nám um helgar. Þar sem börnin fá heimanám í aukanámi sínu var það álit foreldra að ef heimanám í grunnskólanum væri aukið þá yrði vinnuálagið of mikið.

Fylgjendur heimanáms

Þótt meirihluti þátttakenda hafi ekki viljað aukið heimanám fyrir börn þeirra í grunnskóla voru þó nokkrir sem töldu að meira heimanám væri af hinu góða. Flestir voru sammála um að aukið heimanám myndi styrkja námslega stöðu barna þeirra ef þau fengju verkefni með sér heim. Sumir höfðu haft samband við kennara barna þeirra og beðið um aukið heimanám, eða að fá að taka með sér námsbækur heim til þess að vinna aukalega. Töldu þeir mikilvægt að nemendum með annað móðurmál væri sýndur skilningur og þeim gefin tækifæri til þess að undirbúa sig fyrir kennslustundir með því að skoða námsefnið heima. Þá gætu foreldrarirnir farið yfir nýjan orðaforða með börnunum með hjálp orðabókar og þannig myndi barnið frekar skilja það sem fram undan væri í kennslustund og ætti auðveldara með að fylgja námsefninu. Því voru flestir sammála um að nemendur með annað móðurmál ættu að fá mun meiri vinnu með sér heim en að ekki væri alltaf tekið tillit til þess. Þegar rannsakandi spurði hversu miklum tíma þátttakendur töldu viðeigandi að eyða í heimanám á viku voru svörin allt frá 30 mínútum til klukkutíma á dag. Töldu þátttakendur að ef heimanámið væri fjölbreytt og áhugavert fyrir börnin yrði það ekki vandamál að eyða meiri tíma í það eftir skóla.

Sumir þátttakendur áttu í erfiðleikum með að átta sig á þeirri ofuráherslu sem íslenskir skólar leggja á lestur. Upplifun þeirra væri sú að lesturinn væri oftast tilgangslaus þar sem barnið skilur ekki hvað það er að lesa og tengir ekki við innihald bókarinnar. Lesturinn verður því frekar hugsunarlaus þar sem barnið veit jafnvel ekki hvort það er að bera orðin rétt fram og skilur ekki um hvað textinn fjallar. Þetta átti sérstaklega við um þá sem áttu börn sem voru að stíga sín fyrstu skref í að læra íslensku og höfðu ekki náð góðum tókum á tungumálinu. Töldu foreldrar þeirra að mun nær væri að gefa þeim fjölbreyttari verkefni. Nokkrir þátttakendur nefndu að ekki væri horft til styrkleika barnanna í öðrum námsgreinum, eins og stærðfræði, þegar kemur að heimanámi og að heimanámið ætti að ná til fleiri námsgreina.

Stuðningur í skólanum

Þegar þátttakendur voru spurðir út í þann stuðning sem börn þeirra fá í grunnskóla voru svör þeirra á þá leið að þeir voru að mestu sáttir við þann

stuðning sem börn þeirra fá en finnst að hægt væri að bæta það að einhverju leyti. Nokkrir þátttakendur voru ekki alveg öruggir með hvers konar stuðning væri um að ræða og voru ekki alveg meðvitaðir um hvers konar stuðning börn þeirra fengju nú þegar í skólanum. Þeir vissu að börn þeirra fengju aukalega íslenskutíma með öðrum kennara en umsjónarkennara en voru ekki vissir hver stuðningurinn væri umfram það. Að sögn þátttakenda bera þeir traust til skólans til þess að finna út hvers konar stuðning börn þeirra þurfa á að halda og veita þeim viðeigandi aðstoð.

Sjö þátttakendur höfðu svipaðar hugmyndir um hvers konar námslegur stuðningur væri viðeigandi. Að þeirra áliti er mikilvægt að námsefnið væri skipulagt og lagt fram á þann hátt að tillit væri tekið til barna með annað móðurmál, t.d. með nánari útskýringu á orðaforða og inntaki námsefnisins. Töldu þeir mikilvægt að nemendur hefðu þann kost að notast við orðabók ef þau þyrftu og fengju tíma til að undirbúa sig fyrir kennslustundir. Að auki nefndu þeir að mikilvægt væri að gefa tvítyngdum nemendum meiri tíma en öðrum til þess að leysa verkefni og þeim gefinn kostur á að fara með námsefnið heim til þess að ræða það við foreldra sína á eigin móðurmáli til þess að öðlast betri skilning. Einn þátttakandi sagði:

Það þarf bara svona tillitsemi, að gefa meiri tíma til að skilja allt. Að krakkarnir finni að það sé allt í lagi að skilja ekki strax og fá tíma til að læra betur.

Þeir voru samt ekki öruggir um að þetta væri allt framkvæmt á þennan hátt í skólanum en gerðu ráð fyrir því að tekið væri tillit til barnanna. Þótt flestir hafi verið jákvæðir gagnvart þeim stuðningi sem börn þeirra fá voru þó nokkrir ósáttir, sérstaklega við þá staðreynd að börn þeirra hafi ekki aðgang að starfsfólki sem talar þeirra móðurmál til að leita til ef eitthvað bjátar á. Einnig gagnrýndu þeir að nemendur fengju ekki orðabækur til afnota í kennslustundum og fengju ekki með sér námsefni heim til að undirbúa sig. Þegar rannsakandi spurði hvort þeir hefðu rætt þetta við kennara sögðust þeir ekki hafa gert það en höfðu gert ráð fyrir því að þessi vinnubrögð væru til staðar og það væri að frumkvæði skólans. Sögðust þeir bera virðingu fyrir skólanum og kennurum og nefndu í því samhengi að þeir vildu ekki að eigin sögn: „segja þeim hvað þeir eiga að gera“.

Fjórir þátttakendur áttu börn sem áður höfðu gengið í skóla í heimalandi og tveir þeirra sögðu börn þeirra hafa byrjað í móttökudeildum. Þeim hafi fundist það nokkuð jákvætt þar sem þeir töldu betra að börnin fengju grunn í íslenskum orðaforða og hefðu haft tækifæri til að æfa sig í að tala íslenskuna áður en þeir færu í hefðbundinn bekk. Þá voru þau upphaflega alveg í móttökudeild en fóru svo nokkrar kennslustundir í aðlögun inn í bekk. Það hafi undurbúið þau fyrir það að geta átt samræður við bekkjarfélag og aðlagast bekkjarstarfinu hægt og rólega. Hinir tveir þátttakendur sem áttu börn sem fóru ekki í móttökudeild voru hins vegar ánægðir með að börn þeirra hefðu farið beint í hefðbundinn bekk. Það hafi verið kvíðablandin áskorun en hafi orðið til þess að börnin lærðu tungumálið frekar hratt og verið fljót að eignast vini. Það hafi sérstaklega átt við um annað barnið sem var á miðstigi og talaði ágæta ensku. Það gat því kynnt sig og spjallað aðeins við bekkjarfélag á ensku á meðan það náði tókum á íslenskunni.

Að sögn þátttakenda hafi verið misjafnt hversu lengi börnin voru að tileinka sér íslensku en þar hafi skipt miklu máli að þau hafi myndað góð tengsl innan skólans. Sögðu þeir skipta máli að barnið eignist íslenska vini svo þeir geti frekar æft sig í að tala íslenskuna en einnig skiptu góð tengsl við kennarann miklu máli. Góð og hlý tengsl við kennarann hafi skipt höfuðmáli fyrir þau börn sem voru feimin og áttu erfitt með að kynnast vinum þar sem kennarinn hafi spjallað mikið við þau og látið þeim líða vel.

Tveir þátttakendur nefndu að hafa óskað eftir því að börn þeirra fengju frekari stuðning við lestur og lesskilning þar sem þeir upplifðu að börnin væru frekar lengi að tileinka sér íslenskuna. Sögðust þeir hafa nefnt það við kennarann og eftir því sem þeir bestu vissu hefði því hefði verið fylgt eftir.

5.3. Samantekt

Flestir þátttakendur fluttust hingað til landsins í leit að atvinnutækifærum en einnig höfðu þeir vonast til að finna betra umhverfi fyrir fjölskyldu sína. Þákom fram að tólf þátttakendur höfðu tengsl við vini eða ættingja á Íslandi áður en þeir fluttust og hafa þau tengsl haft áhrif á að þau leituðu frekar til Íslands heldur en í annað land.

Einungis tveir þátttakendur höfðu grennslast fyrir um skólastarf á Íslandi áður en þeir komu en flestir sögðust ekki hafa vitað mikið fyrir en barn þeirra hóf nám. Flestir sögðust hafa haft þær væntingar um að upplýsingar um skólann og skólastarf myndu berast á þeirra tungumáli heim til þeirra, en það hafi ekki gengið eftir. Sögðust þátttakendur hafa fengið flestar upplýsingar frá vinum og öðrum foreldrum. Þó höfðu nokkrir haft samband við kennara og verið duglegir að spyrjast fyrir um námið eða sérstök atriði í tengslum við skólann.

Niðurstöður varðandi heimanám voru fengnar annarsvegar með svörum úr spurningalista og hins vegar úr viðtölum. Til þess að setja svör þátttakenda í viðtölum í samhengi var spurt hvernig þeirra eigin reynsla af heimanámi hefði verið í þeirra æsku. Þátttakendur nefndu allir að magn heimanáms hafi verið töluvert í þeirra eigin grunnskólagöngu en fram komu skiptar skoðanir á því hvort það hefði haft áhrif á námsárangur þeirra. Af niðurstöðum úr megindegum hluta rannsóknarinnar má sjá að meirihluta þátttakenda er þeirrar skoðunar að nemendur ættu ekki að fá meira heimanám í grunnskóla. Þær niðurstöður eru í samræmi við það sem fram kom í viðtölum þar sem meirihluti þátttakenda vildi ekki fá meira heimanám. Þeir sem töldu ekki þörf á meira heimanámi nefndu að þeim fyndist gott að börn þeirra hefðu meiri frítíma til að sinna vinum og áhugamálum. Einnig kom fram að þátttakendur töldu sig ekki geta aðstoðað börn sín við heimanámið. Þó var hópur þátttakenda sem taldi þörf á meira heimanámi. Þeir nefndu að mikilvægt væri að gefa tvítyngdum börnum tækifæri á að undirbúa sig heima fyrir kennslustundir og það myndi jafnframt styrkja námslega stöðu þeirra.

Niðurstöður úr spurningalista sýna að meirihluti þátttakenda telur að nemendur fái nægan stuðning í skólanum en jafnframt kemur í ljós að meirihluti telur að nemendur ættu að fá meiri stuðning í að læra íslensku. Í viðtölum voru þátttakendur ekki allir meðvitaðir um hvers konar stuðningur væri í boði fyrir börn þeirra innan skólans og margir höfðu hugmyndir um hvers konar stuðningur væri viðeigandi. Nefndu þeir að mikilvægt væri að gefa börnum sem væru að tileinka sér íslensku meiri tíma og sveigjanleika í verkefnum auk þess að veita þeim tækifæri til að undirbúa sig fyrir kennslustundir. Voru nokkrir sem gagnrýndu að slíkt væri ekki gert. Þó nefndu

Þátttakendur að þeir bæru traust til kennara til að meta hvers konar stuðning börn þeirra þyrftu.

6. Umræður

Fjallað hefur verið um helstu niðurstöður rannsóknarinnar ásamt lagalegum bakgrunni og fræðilegu efni í tengslum við viðfangsefni rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningin sem leitast var við að svara er: Hver eru viðhorf erlendra foreldra gagnvart heimanámi og stuðningi við börn þeirra í grunnskólum? Niðurstöðurnar eru annarsvegar byggðar á gögnum úr spurningalista og hins vegar úr viðtölum við 15 foreldra af erlendum uppruna.

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við fræðilega umfjöllun ásamt lagalegum bakgrunni sem tengjast viðfangsefninu.

6.1 Samskipti og stuðningur

Þemanu samskipti og stuðningur er skipt upp í tvö viðfangsefni sem nánar verður fjallað um. Þau eru: samskipti við skóla og stuðningur við foreldra og stuðningur við tvítýngd börn.

Samskipti við skóla og stuðningur við foreldra

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar varðandi samskipti við skóla og stuðning við foreldra eru að skólarnir hefðu mátt standa sig mun betur í að koma upplýsingum til foreldra við upphaf skólagöngu. Foreldrar höfðu gert ráð fyrir því að upplýsingar bærust til þeirra frá skólanum á þeirra móðurmáli, áður en skólaganga barna þeirra hæfist en það hafi ekki gengið eftir. Jafnframt sögðust þeir ekki hafa vitað hvernig hefðbundið skólastarf færi fram eða hverjar áherslurnar væru. Sumir foreldrar sögðust hafa átt frumkvæði að því að sækjast eftir upplýsingum frá skólanum eða kennara en meirihluti foreldra þurfti að reiða sig á upplýsingar frá vinum, ættingjum eða öðrum foreldrum varðandi almennt skólastarf og viðburði tengdum skólanum. Foreldrar höfðu einnig gert ráð fyrir að túlkur væri til staðar fyrir þá ef þeir þyrftu að eiga samskipti við skólann en túlkur hafi einungis verið til staðar í sérstökum foreldraviðtölum. Var það upplifun foreldra að þeir hafi þurft að læra um skólastarfið með reynslunni, sem þeim hafi oft þótt óþægileg staða.

Líkt og fram kemur í 16. grein grunnskólalaga ber skólanum að veita foreldrum upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Skólum ber því lagaleg skylda að sjá til þess að foreldrar hafi upplýsingar um skólastarfið til þess að geta stutt við börn sín og nám þeirra. Það er nauðsynlegt að tryggja að foreldrar séu upplýstir um námslega stöðu og líðan barna þeirra til þess að hægt sé að mæta þörfum barnsins á heildstæðari hátt. Niðurstöðurnar benda til þess að margt sé ábótavant í þessum atriðum og að skólar viðmælenda þurfi að standa mun betur að því að upplýsa foreldra af erlendum uppruna um skólastarfið. Mikilvægt er að skólar gangi ekki út frá þeim forsendum að allir foreldrar hafi sjálfir gengið í gegnum íslenskt skólakerfi því fjölmargir foreldrar koma frá öðrum löndum og hafa gjörólíka reynslu og upplifun af grunnskóla. Þessar niðurstöður eru að einhverju leyti í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem benda til þess að rof hafi átt sér stað í samskiptum skóla og foreldra af erlendum uppruna. Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé (2017) lýstu kennarar erfiðleikum við að koma á markvissum samskiptum við foreldra af erlendum uppruna. Foreldrafundur fari þá fram í gegnum túlk sem gerir það að verkum að samtalið verður frekar yfirborðskennt og ekki næst að kafa dýpra í umræðuefnið. Kennarar reyni að upplýsa foreldra um skólastarfið með vikulegum pósti en sá póstur er skrifaður á íslensku og því óvíst hvort foreldrar sem tala ekki né lesa íslensku nái innihaldinu. Í niðurstöðum Magdalenu Zawodna (2014), kom í ljós að foreldrum af erlendum uppruna skorti almennar upplýsingar um skólastarfið og að þeir þekktu ekki rétt barna sinna innan skólakerfisins en líkt og áður kom fram ber skólanum lagaleg skylda til að upplýsa foreldra um rétt sinn. Þar sem viðmælendur rannsóknarinnar höfðu ekki fengið almennar upplýsingar við upphaf grunnskólagöngu barna sinna höfðu þeir væntingar um að skólastarfið væri skipulagt með fjölmennningarlegum hætti og að fullmótuð stefna væri til staðar um hvernig ætti að haga kennslu tvítyngdra barna. En þar sem þeir hafi ekki verið upplýstir um það hvernig kennslu er háttað hafi þeir ekki haft þá vitneskju. Því má færa sterk rök fyrir því að íslenskir skólar þurfi að leggja sitt af mörkum til að bæta það rof sem myndast hefur milli skóla og foreldra af erlendum uppruna með því að koma á góðum samskiptum og tryggja gott flæði upplýsinga til heimila. Talið er að gott samstarf á milli heimilis og skóla séu forsendur árangursríks skólustarfs. Nauðsynlegt er að foreldrar séu upplýstir reglulega það hvernig barninu þeirra gengur í nám og með markvissri upplýsingagjöf til foreldra geta

þeir mun frekar tekið þátt í skólastarfinu og stutt við nám barna sinna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Stuðningur við tvítyngd börn

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að foreldrar séu almennt meðvitaðir um að börn þeirra þurfi aukinn stuðning í skólanum á meðan þau eru að tileinka sér íslenskt tungumál. Að sögn foreldra töldu þeir að barn þeirra þyrfti ekki einungis námslegan stuðning heldur einnig félagslegan og bundu þeir miklar væntingar við að skólarnir kæmu á móts við börn þeirra með viðeigandi stuðningi. Þó gátu þeir ekki sagt með fullri vissu hvort barn þeirra væri að fá viðeigandi stuðning.

Að sögn foreldra var mjög misjafnt hversu lengi börnin voru að tileinka sér íslensku en þar hafi skipt miklu máli að þau hafi myndað góð tengsl innan skólans. Sögðu foreldrarnir að miklu máli skipti að barnið eignist íslenska vini svo þeir geti frekar æft sig í að tala íslenskuna en einnig væru góð tengsl við kennarann mikilvæg. Góð og hlý tengsl við kennarann hafi skipt höfuðmáli fyrir þau börn sem voru feimin og áttu erfitt með að kynnst vinum þar sem kennarinn hafi spjallað mikið við þau og látið þeim líða vel.

Börnum af erlendum uppruna er tryggður réttur til sérstakrar íslenskukennslu samkvæmt grein grunnskólalaga (lög um grunnskóla nr. 91/2008) en þar sem foreldrar höfðu ekki fengið upplýsingar um það hver réttur barna þeirra væri þá vissu þeir ekki hvort barnið þeirra fengi slíka kennslu. Þeir gátu því ekki bent með öruggum hætti á þann stuðning sem barn þeirra fær í skólanum. Þegar foreldrar voru beðnir um að lýsa þeim stuðningi sem þeim fundist að ætti að vera til staðar voru þeir með margar tillögur og sterkar skoðanir. Sögðust foreldrar hafa gert ráð fyrir því að sérstakt tillit yrði tekið til barna þeirra þar sem þau hefðu annað móðurmál með þeim hætti að námsefni væri aðlagð að þörfum barnsins. Námsefnið þyrfti að miðast við að auka orðaforða barnanna í íslensku og hluti af því væri að nemendur fengju tíma til að undirbúa sig fyrir kennslustundir og próf ásamt því að hafa með sér orðabók. Það þyrfti að gefa börnum með annað móðurmál lengri tíma til að tileinka sér námsefnið og ekki væri hægt að gera ráð fyrir sama námshraða og hjá þeim sem hafa íslensku að móðurmáli. Foreldrarnir höfðu þær væntingar

að börn þeirra fengju sérstakan stuðning í kennslustund, þar sem þau fengju aðstoð við að skilja námsefnið og tileinka sér orðaforða á meðan þau væru að tileinka sér íslenskt tungumál. Af þessum niðurstöðum að dæma eru foreldrar af erlendum uppruna í mörgum tilfellum mjög meðvitaðir um það hvers konar stuðning börn þeirra þurfa að fá til að ná árangri. Það vekur því upp spurningar um það hvort kennarar séu almennt meðvitaðir um væntingar foreldra af erlendum uppruna.

Líkt og fram kom í rannsókn Sólveigar Karvelsdóttur og Hafdísar Guðjónsdóttur (2010) vilja kennarar af fremsta megni koma til móts við tvítyngd börn en sögðust hafa litla þekkingu á málefnum þeirra og hvernig best væri að styðja við nám þeirra til að þau næðu árangri. Nefndu kennarar að þeir gerðu sitt besta til að veita tvítyngdum börnum stuðning en það vantaði samræmdari verkferla og samstöðu um það hvers konar stuðningur væri árangursríkur. Þetta styðja einnig niðurstöður úr lokaskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2017) þar sem kennarar lýstu því að þá skorti stuðning og faglega þekkingu til þess að framfylgja stefnu um Skóla án aðgreiningar með árangursríkum hætti. Þrátt fyrir að stefnan um Skóla án aðgreiningar sé metnaðarfull stefna þá virðist sem svo að íslensk löggjöf styðji ekki nægjanlega við umgjörð skóla án aðgreiningar, bæði hvað varðar menntun kennara en einnig samræmingu á þeirri margþættu þjónustu sem þarf að vera til staðar innan skóla til að inntak stefnunnar sé uppfyllt (Steingerður Ólafsdóttir, o.fl., 2014). Líkt og fram kom í rannsókn Anetu Figlarska, Rannveigar Oddsdóttur, Samúels Lefever og Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2017) þá skortir börn á leikskóla með annað móðurmál töluvert upp á íslenskan orðaforða til að standa jafnfætis jafnöldrum með íslenskt móðurmál. Þessi nemendahópur stendur því verr að vígi en jafnaldrar þeirra með íslenskt móðurmál þegar þeir hefja nám í grunnskóla. Niðurstöður PISA (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2019) benda þá jafnframt til þess að ekki næst að vinna upp þetta námslega bil í orðaforða og lesskilningi á grunnskólagöngu þeirra, frekar virðist bilið breikka með árunum. Það leiðir til þess að nemendur með annað móðurmál eru töluvert ólíklegri til að sækja sér áframhaldandi menntunar að loknum grunnskóla vegna skorts á færni í íslensku tungumáli (Gestur Guðmundssonar, 2013). Því þykir nokkuð ljóst að huga þarf að markvissum aðgerðum innan skóla til þess að bæta stöðu þessa nemendahóps.

6.2 Sýn foreldra á heimanám

Niðurstöðurnar benda til þess að erlendu foreldrarnir í þessari rannsókn hafi töluvert ólíkar skoðanir á heimanámi. Af niðurstöðunum að dæma óskar meirihluti foreldra ekki eftir því að bætt verði við heimanám nemenda í grunnskóla umfram það sem nú er til staðar. Töldu þeir foreldrar að mikilvægara væri að börnin fengju að sinna áhugamálum, tómstundum og leik í frítíma sínum. Með meiri frítíma fengju börnin aukin tækifæri til að umgangast önnur börn með íslensku að móðurmáli og eyða meiri tíma í íslensku málumhverfi. Þó var hópur foreldra sem taldi að aukið heimanám myndi styrkja námslega stöðu barna þeirra og höfðu sumir haft samband við kennara barna sinna í því skyni að fá meira heimanám. Í flestum tilfellum var það bakgrunnur foreldra og reynsla þeirra sjálfra sem hafði áhrif á það hvort þeir vildu meira heimanám eða ekki. Þeir foreldrar sem höfðu neikvæða eða mjög neikvæða reynslu af heimanámi vildu ekki leggja hið sama á eigin börn. Þá töldu þeir sem höfðu jákvæða upplifun af heimanámi að það hefði einnig jákvæð áhrif á börn þeirra og stuðlaði að auknum metnaði og árangri hjá börnunum. Líkt og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á er enn óljóst hvort heimanám skili markvissum námslegum árangri eða ekki (Cooper, Robinson og Patall, 2006). Eitt af því sem talið er hafa mikil áhrif á niðurstöður rannsókna um heimanám er að ekki er tekið nægjanlegt tillit til einstaklingsþátta við skipulagningu heimanáms, líkt og nemenda með annað móðurmál (Cooper, 2007). Þar af leiðandi er engin endanleg niðurstaða í því máli hvort það hafi neikvæð eða jákvæð áhrif á námsárangur og því telst mikilvægt að heimanám, ef það er til staðar, sé miðað við einstaka nemendur og getu þeirra og áhuga til að takast á við þau verkefni sem kennari miðar við að nemandi vinni heima.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir á heimanámi var það gagnrýnt af báðum foreldrahópum á þann hátt að það væri einhæft og miðaði of mikið að nemendum með íslensku að móðurmáli. Nemendur með annað móðurmál hefðu lítið gagn af því að lesa íslenskar bækur þar sem þeir ættu í erfiðleikum með að skilja innihaldið og næðu ekki tengslum við það, þar sem þeir væru ekki búnir að tileinka sér íslenskt tungumál upp að þeim mörkum sem þarf til að skilja innihald íslenskra bóka á fullnægjandi hátt. Töldu foreldrar að það væri mun betri kostur að hafa það heimanám fjölbreyttara með þeim hætti að

Það þjálfaði upp orðaforða eða aðra færni í tengslum við íslenskt tungumál á einhvern hátt. Einnig fannst þeim mikilvægt að skoðaðir væru styrkleikar barnanna í öðrum námsgreinum og heimanám miðaði þá frekar að því. Lestrarþjálfun væri oft meginhluti heimanáms og þótt börnin gætu lesið á íslensku fyrir foreldra sína þá vandast málið við lestur á erfiðum orðum sem þarf að útskýra nánar, sem og efla lesskilning. Barnið fengi ekki þann stuðning við lestur og ætlast er til þar sem foreldrarnir hafa oft ekki forsendur til að leiðrétta orð eða framburð orða, útskýra merkingu nýrra orða eða ræða um innihald bókanna. Því væri vert að athuga hvers vegna kennarar leggi til að nemendur með annað móðurmál fái eins heimanám, þ.e.a.s. lestur, og aðrir nemendur með íslenskt móðurmál ef forsendurnar til þess að slíkt sé árangursríkt eru ekki til staðar á sama hátt. Svipaða sögu má heyra frá öðrum löndum þar sem kennarar upplifa að heimanám strandi á aðstoð og aðhaldi heima. Kennarar virðast því almennt ekki meðvitaðir um það upp að hvaða marki foreldrar af erlendum uppruna geta aðstoðað börn sín (Guðmundur Engilbertsson og Kristín Aðalsteinsdóttir, 2007). Er það önnur vísbending um afleiðingar þess að ekki hefur verið komið á nægilega markvissum og góðum samskiptum milli skóla og heimila barna með annað móðurmál en gefur einnig til kynna að kennarar skilji ekki þarfir nemenda með annað móðurmál nægilega vel.

Í niðurstöðunum kom einnig fram að foreldrar, hvort sem þeir eru fylgjandi heimanámi eða ekki, telja að börn með annað móðurmál ættu að fá meiri tíma til að undirbúa sig fyrir próf og kennslustundir. Það væri ósanngjarnt að ætla börnum, sem ekki hafa tileinkað sér íslensku að fullu, að læra og skila verkefnum innan sama tímaramma og er ætlaður börnum með íslensku að móðurmáli. Foreldrar töldu að það skorti skilning á þessu innan skólanna. Það mætti gefa börnunum frekari kost á að taka námsbækur með sér heim til þess að umræða um námsefnið geti farið fram á heimilinu ásamt því að foreldrar gætu þá skoðað þann orðaforða sem kemur fram í námsefninu. Þar sem börn geta verið allt að sjöár að ná tökum á ólíkum orðaforða og setningagerð sem birtist í námsefni (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000), gætu falist tækifæri til að einstaklingsmiða heimanámið í því að gefa börnum með annað móðurmál tækifæri til að undirbúa sig heima að einhverju leyti fyrir næsta skóladag. Við þetta styðja rannsóknir en líkt og fram kemur í samantektum Coopers (2007; Cooper, Robinson og Patall (2006)) þá er eitt helsta markmið heimanáms að

gera foreldrum kleift að fylgjast með námi barna sinna og leggja grunn að samskiptum við barnið um nám þess. Að auki geti verið gagnlegt að fá námsbækur heim þar sem það geti hjálpað nemendum að rifja upp þau viðfangsefni sem farið var yfir í skólanum (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014). Þegar nemendur komi heim með verkefni úr skólanum fá foreldrar innsýn inn í skólastarfið og nám nemandans og við það skapist umræður um námsefnið. Með þessum hætti væri hægt að skapa samskiptavettvang milli kennara og foreldra um námsframvindu barnsins (Nanna Kristín Christianssen, 2011, bls. 128).

6.3 Metnaður foreldra og áhugi

Niðurstöðurnar benda til þess að foreldrar af erlendum uppruna eru að mörgu leyti mjög metnaðarfullir fyrir hönd barna sinna. Flestir foreldrar voru vel meðvitaðir um að það skipti miklu máli að viðhalda móðurmáli barnanna, bæði vegna þess að það styður við að þau tileinki sér frekar íslensku en einnig til að viðhalda tengslum við heimalandið. Jafnframt voru þeir meðvitaðir um að góður grunnur í móðurmálinu væri mikilvægur til þess að ná góðum tókum á íslenskunni. Það bendir til þess að foreldrar hafi að einhverju marki kynnt sér eða séu upplýstir um hvernig eigi að styðja við börn sín í nýju landi. Helstu leiðir foreldra til að viðhalda móðurmálinu voru lesefni og sjónvarpsþættir en þó voru einhverjir sem höfðu skráð börn sín í sérstaka móðurmálsskóla, líkt og Pólska skólann. Enn fremur kom í ljós að foreldrarnir vildu halda opnum þeim möguleikum að barnið geti sótt nám eða stundað atvinnu, hvort sem það væri á Íslandi eða í heimalandinu. Þar sem foreldrarnir höfðu margir komið hingað vegna takmarkaðra atvinnutækifæra í heimalandinu þá gæti atvinnumarkaðurinn lagast með tímanum og forsendur búsetu á Íslandi gætu breyst (Hagstofa Íslands, 2019). Með því að styðja við móðurmálið væru foreldrar að gefa barninu tækifæri til að standa jafnfætis jafnöldrum í heimalandinu ef fjölskyldan snéri aftur til heimalandsins en einnig tækifæri fyrir barnið að snúa aftur til heimalandsins í framtíðinni ef það kysi það frekar. Enn fremur voru margir foreldrar meðvitaðir um mikilvægi þess að barnið þeirra væri að einhverju leyti í íslensku málumhverfi eftir skóla og lögðu

áherslu á að börn þeirra eignuðust íslenska vini til að ná frekari tökum á íslensku.

Foreldrar voru margir duglegir að leita að upplýsingum um skólastarfið, bæði til annarra foreldra en einnig til kennara sem bendir til þess að foreldrum er mjög umhugað að vita hvernig skólastarfið fer fram. Vilji þeirra til þátttöku í skólastarfinu er ef til vill meiri en kennarar gera ráð fyrir en þar sem skólar veita einungis takmarkaðar upplýsingar um skólastarfið hafa margir foreldrar af erlendum uppruna ekki forsendur til þátttöku (Magdalena Zawodna, 2014). Tungumálaerfiðleikar spila þar einnig stóran þátt en hægt væri að leita lausna til að virkja þennan hóp foreldra með einhverjum hætti (Hermína Gunnþórsdóttir, Markus Meckl og Stéphanie Barillé, 2017)

Þrátt fyrir að hafa ekki fengið upplýsingar frá skólanum, hvorki um rétt barnanna eða þann stuðning sem þau fá, höfðu foreldrar hugmyndir og tillögur um það hvernig standa ætti að námi barna þeirra til að þau næðu árangri. Að þeirra áliti er nauðsynlegt að skipuleggja námsefni barnanna með tilliti til færni þeirra í íslensku tungumáli, t.d. með því að gefa þeim meiri tíma til að leysa viðfangsefni og undirbúa sig fyrir kennslustundir með því að fá námsbækur með sér heim. Töldu foreldrar mikilvægt að börnin fengju að hafa orðabók í kennslustundum til að eiga þess kost að auka við orðaforða sinn og öðlast betri skilning á námsefninu. Út frá þessum tillögum foreldra er ljóst að foreldrar af erlendum uppruna geta að mörgu leyti haft jákvæð áhrif á það hvernig námi barna með annað móðurmál er háttað. Þekking foreldra á þeim stuðningi sem börn þeirra þurfa er mikilvæg fyrir kennara þegar nám þeirra er skipulagt og því verður að teljast nauðsynlegt að kennarar eigi frumkvæði að góðum samskiptum við heimilin.

6.4 Samantekt og helstu ályktanir

Niðurstöður úr viðtölum benda til þess að hvort sem foreldrar eru sammála eða ósammála í umræðunni um það hvort eigi að auka við heimanám eða ekki þá hafa flestir foreldrar hugmyndir um það hvernig hægt væri að gera heimanámið árangursríkara fyrir þeirra eigið barn. Flestir viðmælendur voru þó sammála um að ekki væri nægjanlega mikið tillit tekið til barna þeirra þegar lagt er fyrir

heimanám. Mikil áhersla skólanna á lestur heima væri ekki að skila tilætluðum árangri fyrir mörg tvítyngd börn þar sem þau skilja oft ekki það sem þau lesa og eiga því erfitt með að tengjast lesefninu. Að auki kom fram að foreldrar sem ekki tala íslensku hafa í mörgum tilfellum ekki forsendur til að aðstoða börnin sín við að skilja efnið og geta ekki leiðrétt orðaframburð og því væri ákjósanlegra að leggja heimanám fyrir tvítyngd börn með öðrum hætti. Foreldrar komu hins vegar með ýmsar hugmyndir um það hvernig heimanám myndi vera árangursríkara en það sem barnið fær nú þegar, t.d. að fá að undirbúa sig fyrir kennslustundir í staðinn eða fá fjölbreyttari verkefni. Viðhorf foreldra í þessari rannsókn, um að það þurfi að skipuleggja heimanám með getu og þarfir tvítyngdra barna í huga, eru að mörgu leyti líkar þeim sem fram hafa komið í öðrum rannsóknum við foreldra af erlendum uppruna. Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur, Markusar Mecl og Stephanie Barillé (2018, bls. 30) kom fram að foreldrar hefðu áhyggjur af því að ef börn þeirra væru sett undir sömu viðmið og önnur börn gæti það leitt til þess að þau yrðu frekar jaðarsett, þar sem ekki væri tekið tillit til styrkleika þeirra og veikleika í námi.

Þær niðurstöður sem fengust úr meginlegum hluta rannsóknarinnar sýndu fram á að meirihluti foreldra kys ekki meira heimanám. En út frá svörum þátttakenda í eigindlega hlutanum þykir rannsakanda það nokkuð ljóst að umræðan um heimanám fyrir tvítyngd börn þarfnast enn frekari skoðunar og rannsóknar í framtíðinni til að fá úr því skorið hvernig heimanám henti best þessum nemendahópi. Út frá svörum þeirra foreldra sem þátt tóku í þessari rannsókn mætti draga þá ályktun að það þurfi að endurhugsa heimanám fyrir tvítyngd börn svo að það stuðli að þeim árangri sem stefnt er að. Námsárangur tvítyngdra nemenda á Íslandi hefur verið slakur þegar kemur að lesskilningi undanfarin ár skv. PISA og ljóst að þörf er á að huga enn betur að þörfum tvítyngdra nemenda. Ef heimanámi er ætlað að vera hluti að því að bæta árangur þeirra er nauðsynlegt að miða það að getu þeirra og kunnáttu í íslensku svo þeir taki framförum.

Þrátt fyrir að niðurstöður úr meginlegum hluta rannsóknarinnar hafi bent til þess að foreldrar af erlendum uppruna telji börn þeirra fá nægan stuðning í skólanum þá benda viðtölin til þess að foreldrar af erlendum uppruna hafi ekki fengið nægilega góðar upplýsingar um þann stuðning sem börn þeirra

raunverulega fá í skólanum eða eiga rétt á. Virtust þeir bera traust til kennara og skólans til að veita börnum þeirra þann stuðning sem þarf að veita en gátu ekki sagt hvort börn þeirra þyrftu meiri stuðning eða hvort sá stuðningur sem þau fá nú þegar sé fullnægjandi. Ljóst þykir að skólar og kennarar þurfi að bæta úr þessum skorti á upplýsingaflæði til foreldra sem allra fyrst. Niðurstöður úr spurningalistanum leiddu einnig í ljós að meirihluti telur þörf á auknum stuðningi við íslenskukennslu tvítyngdra barna. Það þyrfti, með frekari rannsóknunum, að skoða vel hvernig slíkum stuðningi skyldi háttað til að árangur náist. Var þessu ekki svarað með fullnægjandi hætti í þessari rannsókn.

Það er oft sagt að foreldrar séu sérfræðingar í eigin börnum og skilja þarfir þeirra betur en nokkur annar og því er nauðsynlegt að kennarar virkji samskiptaleiðir við alla foreldra, einnig þá sem hafa erlendan uppruna. Með því að eiga samræður við foreldra um árangursríkar lausnir er frekar hægt að skoða hvernig það skuli útfært. Af þeim rannsóknum sem hafa nú þegar verið gerðar á aðstæðum tvítyngdra barna virðist ljóst að mikil þekking er til staðar um hvernig hægt er að mæta þessum nemendahópi. Það er því dapurt að ekki skuli takast betur til við að leiða tvítyngd börn til frekari árangurs í íslensku skólakerfi. Almennt virðast skólar ekki hafa sett fjölmenningarlega kennslu ofarlega í forgangsröð sinni og því þarf að breyta þar sem tölur Hagstofunnar benda til þess að fjöldi tvítyngdra nemenda muni aukast. Því þurfa skólar að fara í markvissar aðgerðir til að innleiða þessa þekkingu inn í skólastarfið ef vel á að takast til.

Heimildaskrá

Ahn Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir. Stefna í málefnum nemenda af erlendum uppruna og innleiðing hennar í fjórum sveitarfélögum á Íslandi. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/004.pdf

Andri Ísaksson. (1974). Lög um grunnskóla 63/1974. *Menntamál*, 47(1), 33. Sótt af https://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4561589

Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítýngdra leikskólabarna. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf

Banks, J. A., og Banks, C. A. M. (2010). *Multicultural education: issues and perspectives* (7. útgáfa) (bls. 4–25). Sótt af <http://docshare01.docshare.tips/files/20751/207517255.pdf>

Bergþóra Kristjánsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Jafnrétti, fjölmening og námskrár: samanburður á aðalnámskrám grunnskóla í Danmörku og á Íslandi. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar), *Fjölmening og skólastarf* (bls. 39–68). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). Menntun tvítýngdra barna. *Málfríður*, 10(19), 11–15. Sótt af: <http://hdl.handle.net/10802/972>

Birna Arnbjörnsdóttir. (2008). Tvítýngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður* 24(1), 17–19. Sótt af <https://timarit.is/page/6089220#page/n17/mode/2up>

Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmening og þróun skóla. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar),

Fjölmening og skólastarf (bls. 17–32). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmeningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Cooper, H., Robinson, J. C., og Patall, E. A. (2006). Does homework improve academic achievement? A synthesis of research, 1987-2003. *Review of Educational Research*, 76(1), 1–62. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/214117789?accountid=135943>

Cooper, H. (2007). *The battle over homework. Common ground for administrators, teachers and parents* (3. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

Creswell, J. W. (2012). *Planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Sótt af <http://basu.nahad.ir/uploads/creswell.pdf>

Cummins, J. (2001). Bilingual children's mother tongue: Why is it important for education? *Sprogforum*, 7(19), 15–20. Sótt af <https://www.scribd.com/document/135950487/Cummins-BilingualChildren-s-Mother-Tongue>

Cummins, J. (2007). Rethinking monolingual instructional strategies in multilingual classrooms. *Canadian Journal of Applied Linguistics*, 10(2), 221–240. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=aph&AN=27982695&site=ehost-live>

Cummins, J. (2017). Teaching minoritized students: Are additive approaches legitimate? *Harvard Educational Review*, 87(3), 404–425, 453. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1942145838?accountid=49537>

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. *Fjölmening á Íslandi* (bls. 102–103). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmeningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir. (2012). Icelandic as a second language: a longitudinal study of language knowledge and

processing by schoolage children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*. 16. (1–25) doi. 10.1080/13670050.2012.693062.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2000). Tvítýngd leikskólabörn. *Uppeldi og menntun*, 9(1), 102–103. Sótt af <https://timarit.is/page/4846487#page/n99/mode/2up>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2009). *Innflytjendur á Íslandi. Viðhorfskönnun*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Innflytjendur_skyrslaOkt2009.pdf

Gestur Guðmundsson. (2013). Innflytjendur í íslenskum framhaldsskólum. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/003.pdf

Grétar Þór Eypórsson. (2016). Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 453–464). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Hagstofa Íslands. (2019). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>

Hagstofa Íslands. (2018). *Hagskýrslur um börn*. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/born/hagskyrslur-um-born/>

Hagstofa Íslands (2018b). *Staða barna á Íslandi*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/born/hagskyrslur-um-born/>

Hagstofa Íslands. (2015). *Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1997-2014*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_2_grunnskolastig_0_gsNemendur/SKO02103.px/?rxid=fe9c9ec5-55ee-4d5b-ac5f-b5f51d72d3f3

- Hagstofa Íslands. (2019). *Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur*. Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/901e98bb-a182-4dc1-9059-261b7bea719b.pdf>
- Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2010). Námsefni og kennsluhættir í fjölmennningarlegu samfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmenning og skólastarf*, (bls. 187–200). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11(1), 51–80.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Grunnildir skólastarfs í fjölmenningsamfélagi. *Uppeldi og menntun* 16(1), 109–111. Sótt af <https://timarit.is/page/5016366#page/n107/mode/2up>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 249–270). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir, og Kristín Loftsdóttir. (2010). Námsefni og námshættir í fjölmennningarlegu samfélagi. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar), *Fjölmenning og skólastarf* (bls. 209–225). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir. (2016). Aðgengi tví- og fjöltyngdra barna að menntun á Íslandi. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og mannildir í kjölfar Salamanca* (bls. 157–184). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar.

- Helga Jónsdóttir. (2016). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknnum. *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 137–153. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hermína Gunnþórsdóttir, Marcus Meckl og Stéphanie Barille. (2017). Nemendur af erlendum uppruna: Reynsla foreldra og kennara af námi og kennslu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1–2), 21–41. doi:<https://doi.org/10.24270/tuom.2017.26.2>
- Hildur Blöndal og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Kennarar og kennarastarf í fjölmennningarlegu samfélagi: Raddir kennara innflytjendabarna. Sótt af <http://fum.is/wp-content/uploads/2011/12/RosaG-HannaR-KennararOgKennarastarfFjolmenning.pdf>
- Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen. (2010). Samskipti grunnskóla og foreldra erlendra barna. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar). *Fjölmenning og skólustarf* (bls. 289–311) . Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland. (2018). *Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál Greining á stöðu og tillögur um aðgerðir*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_-_15.02.2018.pdf
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennsluhættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. Aldar* (bls. 113-158). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmennningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit Um Menntarannsóknir*, 137–156. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/15098/1/8_kristin_gudmundur_ragnheiður1.pdf

- Kryger, N. og Ravn, B. (2009). Homework in Denmark: What kind of links between Family and school? Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 12–24). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Loftur Guttormsson (2008). Heimili og skóli. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 284–285). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lundaskóli. (e.d.). *Heimanám*. Sótt af <http://lundarskoli.is/wp-content/uploads/2013/09/Heiman%C3%A1m.pdf>
- Lög um grunnskóla nr. 49/1994
- Lög um grunnskóla nr.49/1994
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Magdalena Zawodna. (2014). *Menntun tvítýngdra barna í íslensku skólakerfi í ljósi skóla án aðgreiningar og fjölmennningarlegrar menntunar. Eigindleg rannsókn á viðhorfum foreldra tvítýngdra barna* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/19128>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla 1999*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Sótt af <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/14497/getfile.aspx%3fitemid%3dc962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c?sequence=1>

- Menntamálastofnun. (2017). Gátlisti og leiðbeiningar um frágang. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/gatlisti_2017.pdf
- Menntamálastofnun. (2019). *PISA 2018. Helstu niðurstöður á Íslandi*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf
- Nanna Kristín Christiansen. (2011). *Skóli og skólaforeldrar. Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Iðnú
- Ólöf garðarsdóttir. (2012). Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961–2011 með áherslu á flutninga á samdráttarskeiðum. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/folksflutningar_03042012.pdf
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>
- Ómar Hjalti Sölvason og Markus Mecl. (2019). *Samfélag án aðgreiningar? Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða 2018*. Sótt af <https://www.unak.is/static/files/Frettir/2019/mai/islenskukennsla-innflytjenda.pdf>
- Ragnheiður Harpa Arnarsdóttir. (2016). Gerð rannsóknaráætlunar og yfirlit yfir helstu rannsóknarsnið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 377–378). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Reykjavíkurborg. (2017). *Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018–2022*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_reykjavikurborgar_i_malefnum_innflytjenda_og_flottamanna.pdf

- Reykjanesbær. (2017). Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Velferdarsvid/fjolmenningarstefna2017.pdf>
- Ríkisendurskoðun. (2015). *Málefni útlendinga og innflytjenda á Íslandi*. Sótt af https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/utlendingar_innflytjendur.pdf
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar. Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsl_skoli_adgr_samant_1%C3%B6g_fr_2015.pdf
- Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir. *Fjölmennning og skólustarf* (bls.109–127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2016). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 239–249) . Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað móðurmál. *Netla- veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2016). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 229). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls.393–402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010). Raddir kennara sem kenna fjölbreyttum nemendahópum. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/022.pdf>
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2016). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 364–366). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). Barnasáttmálinn á Íslandi. Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/>
- Vygotsky, L.S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge: Harvard University
- Þóroddur Helgason. (2010). Fjölmennningarlegir grunnskólar í þremur löndum. Í Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar). *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 71–103). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2016). Úrtök og úrtaksaðferðir í meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 113–128). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.